

**SKOÐUN** Birtingarmyndir greddunnar eru býsna margar, segir Teitur Guðmundsson læknir. **15**



**MENNING** Álitsgjafar Fréttablaðsins fara yfir kjólana á Golden Globe-verðlaunahátíðinni. **22**



**SPORT** Strákarnir okkar ætla að hefna fyrir tapið á ÓL í London þegar þeir mæta Ungverjum á EM í dag. **26**


RISAÚTSALA
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR
MEIRA EN 1000
VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI
Sjá úrvalið á ht.is
Heimilistæki
www.ht.is
SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500



# FRÉTTABLAÐIÐ

**Þriðjudagur**
14. janúar 2014
11. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



### Svíar græða leg í konur

Sænskir læknar hafa grætt leg í níu konur. Um er að ræða nýja tegund skurðaðgerða. **12**

**Víkingar á leið til Dúbaí**

Emírinn í Dúbaí býður til sín 400 víkingum á víkingahátíð. Héðan fara 15 íslenskir víkingar. **2**

**Persónuvernd átelur Elko**

Elko braut reglur um meðferð persónuupplýsinga þegar fyrirtækið birti á vefnum ferilskrár umsækjenda um starf. **8**

**Húsráðandi fyrir dómi**

Vitnaleiðslum í svonefndu Stokkseyrarmáli lauk í gær. **10**




**14**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -1° | NA | 16 |
| Akureyri | -3° | NA | 10 |
| Egilsstaðir | -1° | NA | 8 |
| Kirkjubæjarkl. | 1° | A | 16 |
| Reykjavík | 2° | A | 15 |

**HELDUR HVASST** Í dag verða norðaustan og austan 13-20 m/s en hvassara við S- og SA-ströndina. Úrkoma eystra en annars úrkomulítið. Kólnar í veðri. **4**

**2 SÉRBLÖÐ**

**Bílar | Fólk**




# Óttast að mengun leki úr gömlu sorpi

Umhverfisstofnun telur gamla urðunarstaði í Reykjavík eitt þriggja svæða á landinu sem mestar áhyggjur þarf að hafa af vegna mengunar vatns. Gamlir sorphaugar í Gufunesi og á Geirsnefi eru sökudólgarnir og líklegir mengunarvaldar.

**UMHVERFISMÁL** Umhverfisstofnun gerir ráð fyrir mengun í Elliðaárvog og innri hluta Sunda auk Grafarvogs frá spilliefnum í gömlum urðunarstöðum í Gufunesi og á Geirsnefi. Þetta kemur fram í Stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands.

Jóhanna Björk Weisshappel, sérfræðingur á UMST, segir svæðið eitt þriggja sem sérfræðingar stofnunarinnar hafa mestar áhyggjur af. Fréttablaðið fjallaði á föstudag um mengun frá gömlum urðunarstöðum hersins á Miðnesheiði.

„Strandsjó á þessu svæði teljum við vera undir álagi, einkum vegna leka gamallar mengunar, olíu og jafnvel þungmálma og spilliefna," segir Jóhanna Björk.

Á vegum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) var gerð úttekt á gömlum urðunarstöðum og birt skýrsla árið 2006. Bent er á að beggja vegna urðunarstaðarins á Geirsnefi renni kvíslar Elliðaáa og að kanna þurfi hvort efnamengun berist frá staðnum. Eins var mælt með rannsóknum í Gufunesi.

Aðspurð hvort æskilegt væri að hreinsa upp mengunina á Geirsnefi segir Kristín Lóa Ólafsdóttir, heilbrigðisfulltrúi hjá HER, það mjög flókið og vart gerlegt. Raunhæft sé að fylgjast með svæðinu, meðal annars með því að taka þungmálmasýni og haga mótvægisaðgerðum eftir niðurstöðum þeirra. „Hvað Gufunesið varðar vinnum við að endurbótum með Orkuveitu Reykjavíkur. Þar liggur regnvatnslögn í gegnum hauginn út í sjó sem þarf að skoða vel hvað varðar endurbætur," segir Kristín Lóa.

> **Strandsjó á þessu svæði teljum við vera undir álagi.**
>
> *Jóhanna Björk Weisshappel, sérfræðingur á UMST*

- shá / sjá síðu 6



**LEKI Á ÆFINGASTAÐ** Strákarnir okkar urðu að sætta sig við að æfa í litla salnum í Gigantium-höllinni í Álaborg í gær en salurinn míglak. Á sama tíma æfði ungverska liðið við bestu aðstæður í aðalsalnum. Liðin mætast á EM í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Var á móti kynjakvóta:

## Breyta engu á þinginu núna



RAGNHEIÐUR ELÍN ÁRNADÓTTIR

**STJÓRNMÁL** Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðarráðherra, segir að lög um kynjakvóta í stjórnum hlutafélaga verði ekki tekin til endurskoðunar á vorþingi og ítrekar að ekki hafi verið tekin ákvörðun um endurskoðun á lögunum.

„Það er ekkert laununugarmál að ég var andvíg lagasetningunni og á þeim tíma voru margir andvígir henni. En ég heyri núna að menn eru víða í atvinnulífinu hlynntir þessu, aðrir vilja lagfæra lögin og enn aðrir eru enn þá mótfallnir þeim," segir Ragnheiður.

- eb / sjá síðu 4

Styrkur ekki endurskoðaður:

## Minnihlutinn berst fyrir RIFF



ÁSLAUG MARÍA FRIÐRIKSDÓTTIR

**REYKJAVÍK** Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að endurskoðuð verði sú ákvörðun að styrkja ekki kvikmyndahátíðina RIFF var felld á fundi menningar- og ferðamálaráðs í gær.

„Það er greinilega enginn vilji fyrir því hjá meirihlutanum að skoða fyrirkomulagið betur," segir Áslaug María Friðriksdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

„Fjárfest hefur verið í hátíðinni síðastliðin tíu ár en samt er ákveðið að styrkja nýja hátíð sem aldrei hefur verið haldin um átta milljónir króna. Ég veit ekki um nein fordæmi fyrir slíkum fjárhæðum í styrki þegar hugmyndir eru á byrjunarstigi." - ebg




Átta vikna námskeið í anda The Apprentice haldið í Háskóla Íslands:

## Afla Barnaspítalanum milljóna

**MENNTAMÁL** „Þetta hefur aldrei verið gert áður á Íslandi," segir Elmar Hallgríms Hallgrímsson, lektor við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Hann kennir námskeiðið Samvinna og árangur og fer óhefðbundnar leiðir í kennslu.



„Tilgangur námskeiðsins er að nemendur afli fjár fyrir Barnaspítala Hringsins. Ég tók sambærilegan áfanga í námi í Bandaríkjunum en hugmyndafræðin er svipuð og í sjónvarpsþáttunum The Apprentice. Ég rek þó engan úr áfanganum eins og í þáttunum," segir Elmar. Markmiðið er að nemendurnir, alls 34 talsins, safni milljónum fyrir Barnaspítalann á átta vikum en námskeiðið er próflaust.



ELMAR HALLGRÍMSSON

„Ég vil að nemendur hugsi út fyrir boxið. Þetta eru nemendur í meistaranámi sem eru búnir að vera í ýmsum fögum og eiga að nýta fræðiþekkingu sína í þessu verkefni. Lykilatriði er nærgætni við viðfangsefnið sem í þessu tilfelli er Barnaspítalinn. Annars er fjáröflunin alveg frjáls og ég set þeim engar skorður." - lkg / sjá nánar á síðu 30



## SPURNING DAGSINS



**Björn Bragi, getum við stólað á að hægt verði að kaupa miða á Mið-Ísland?**

**Já, og við við erum búin að breyta nafninu í Miða-Í$land.**

Fjölga þurfti stólum í Þjóðleikhúskjallaranum svo allir kæmust fyrir á frumsýningu grínhópsins Mið-Ísland á föstudagskvöld. Þá hefur aukasýningum verið bætt við sýningaráætlunina.

Fangi á Litla-Hrauni ákærður fyrir líkamsárás gegn kynferðisafbrotamanni:

# Tróð saur í munn samfanga

**DÓMSMÁL** Baldur Kolbeinsson, fangi á Litla-Hrauni, hefur verið ákærður fyrir einstaklega hrottalega líkamsárás á samfanga.

Árásin átti sér stað á sameiginlegu útisvæði fanganna í maí í fyrra. Sá sem fyrir árásinni varð er dæmdur fyrir kynferðisbrot gegn barni. Hann hefur nú verið fluttur í annað fangelsi. Atvikið náðist á myndband og samkvæmt heimildum fréttastofu hafa sjónarvottar séð fáar hliðstæður aðferðanna sem Baldur beitti við að skaða og niðurlægja fórnarlamb sitt. Honum er gefið að sök að hafa troðið töluverðu magni af mannasaur í munn mannsins, en saurnum hafði hann safnað í poka. Auk þess sló hann ítrekað í höfuð og líkama mannsins.

Baldur fékk tíu mánaða dóm fyrir að ráðast á þrjá fangaverði í lok september á síðasta ári ásamt Matthíasi Mána Erlingssyni. Þá er hann einnig grunaður um að hafa ráðist á Matthías Mána, ásamt öðrum manni, og barið hann með stórum hengilás. **- mlþ**



**LITLA-HRAUN** Árásin átti sér stað á sameiginlegu útisvæði fanganna.

Uppákoma í útlandaflugi:

# Flugdólgi vísað frá borði

**LÖGREGLUMÁL** Erlendur karlmaður um fimmtugt var fjarlægður úr flugvél Norwegian Air við Flugstöð Leifs Eiríkssonar um hádegisbil í fyrradag vegna drykkjuláta. Vélin var á leið til Ósló.

Maðurinn var með dónaskap og dólgslæti við flugfreyjur og því ákvað flugstjóri að hann fengi ekki að ferðast áfram.

Þegar áfengisvíman var runnin af manninum síðar um daginn fékk hann far með öðru flugfélagi til Óslóar. **- þj**



**SPEGILSLÉTT** Það var tilkomumikil sjón þegar skýjakeppirnir teygðu sig yfir Reykjavíkurtjörn í ljósaskiptunum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Búast má við áframhaldandi hvassviðri þar til á morgun:

# Skýjakeppir svifu yfir tjörninni

**VEÐUR Skýjakeppir eða „skýjaspenar“ eins og þá sem sjá mátti yfir Reykjavíkurtjörn í ljósaskiptunum í gær eru ekki algeng sjón hér á landi segir Haraldur Eiríksson, veðurfræðingur á Veðurstofunni. Hann segir að búast megi við áframhaldandi hvassviðri á landinu í dag en á morgun dragi úr vindi og síðan fari að lægja.**

**„Það verður áfram mjög hvasst í dag, allt upp í 20 metra á sekúndu og jafnvel hvassara með suðurströndinni. Á fimmtudag er von á rólegri austanátt og þokkalegasta veðri fyrir utan úrkomu á austanverðu landinu,“ segir Haraldur. - eh**

Styrkir frá forsætisráðherra:

# Vestfirsk þorp í þrívíddarlíkön

**MENNING** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra hefur tilkynnt bæjarstjórn Ísafjarðar um tvo fjárstyrki. Annars vegar verða veittar tíu milljónir króna „til gerðar nákvæmra þrívíddarlíkana af gömlu bæjarkjörnum þorpanna fimm sem tilheyra Ísafjarðarbæ“ með það að markmiði að sýna með tölvugerðu líkani „hvernig gömlu bæjarkjarnarnir litu út eftir breytingar sem styrkt gætu heildarmynd staðanna og aukið aðdráttarafl þeirra,“ eins og segir í bréfi forsætisráðherra. Hins vegar er veittur tveggja milljóna króna styrkur til viðgerðar á ytra byrði Svarta pakkhússins á Flateyri. **- gar**

Hvarf Madeleine McCann:

# Vilja handtaka þrjá karlmenn

**BRETLAND** Breska lögreglan hefur sent starfsbræðrum sínum í Portúgal formlega beiðni um að þrír menn verði handteknir í tengslum við hvarf Madeleine McCann. Hún hvarf úr hótelherbergi foreldra sinna í Algarve í Portúgal árið 2007, þá þriggja ára.

Vitað er að mennirnir frömdu nokkur innbrot í nágrenni hótelsins nóttina sem stúlkan hvarf.

Talsmaður McCann-hjónanna sagði þetta marka ákveðin vatnaskil í málinu. „Kate og Gerry (McCann) vilja ekki gera sér of háar væntingar en átta sig á að um mikilvæga vísbendingu gæti verið að ræða.“ **- þj**

# Íslenskir víkingar til Dúbaí í boði emírs

Emírinn í Dúbaí býður 400 víkingum á víkingahátíð í Dúbaí. Fimmtán íslenskir víkingar fara á hátíðina. Munum berjast bæði á þurru landi og á sjó segir jarl Rimmugýgjar. Verður lengsta ferðalag íslenskra nútímavíkinga á víkingahátíð.

**FÓLK** Fimmtán íslenskum víkingum úr víkingafélaginu Rimmugýgi hefur verið boðið að taka þátt í 400 manna víkingahátíð sem haldin verður í Dúbaí í lok mars. Emírinn í Dúbaí greiðir ferðakostnað, uppihald og dagpeninga á meðan á hátíðinni stendur.

„Það eru mörg þúsund víkingar í Evrópu og víðar, og það er gríðarlega mikil eftirspurn eftir því að komast á þessa hátíð, svo það er frábært að fá svona mörg pláss,“ segir Hafsteinn Pétursson, jarl Rimmugýgjar.

Hann segir að hátt í 70 félagsmenn hafi óskað eftir því að fara til Dúbaí. „Við þurftum að fara í gegnum mjög hart forval til þess að velja álitlegustu kappana,“ segir Hafsteinn. „Við bjuggum til nokkurs konar fegurðarsamkeppni, ef svo má segja, þar sem nokkrir fengu sæti, og svo var dregið um afganginn af lausum sætum.“

Hafsteinn segir að sérstaklega hafi verið óskað eftir tónlistarfólki. Þess vegna séu tvær söngkonur í hópnum ásamt þrettán vönum bardagamönnum. Reyndar hefur nú verið stofnaður karlakór innan Rimmugýgjar, og er lögð mikil áhersla á að þrettánmenningarnir æfi söng af kappi fyrir ferðina.

Hátíðin stendur í fimm daga, en víkingarnir verða við undirbúning og frágang í tvo daga fyrir og eftir hátíðina þar sem þeim verður boðið í skoðunarferðir.

„Þetta verður með svipuðu sniði og víkingahátíðin í Hafnarfirði, en auðvitað stærra. Við verðum á ströndinni, og munum berjast í tveimur orrustum á þurru landi á hverjum degi. Svo verður ein sjóorrusta á dag við ströndina sem við munum taka þátt í. Ég veit ekki nákvæmlega hvernig það mun fara fram, en það verður örugglega mjög gaman,“ segir Hafsteinn.

Hann segir að flytja eigi víkingaskip til Dúbaí til að halda sjóorrusturnar. Liðsmenn Rimmugýgjar hafa ekki reynslu af sjóorrustum, þó þeir hafi róið víkingaskipum og tekið land á þeim.

Hafsteinn óttast ekki að menningarmunurinn verði víkingunum erfiður. Áfengisneysla er bönnuð í Dúbaí, en á því eru undantekningar. Hátíðin verður á lokuðu svæði og verður leyfilegt að drekka áfengi á því svæði þegar því hefur verið lokað fyrir almenningi í lok hvers dags.

„Þeir bjóða okkur meira að segja upp á einn bjór á dag, eftir að allir eru farnir, þannig að menn geta svalað sér á einum öl eftir erfiðan dag í bardaga. Svo getum við keypt meira ef við kærum okkur um,“ segir Hafsteinn.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er þetta það lengsta sem íslenskir víkingar hafa ferðast á víkingahátíð. Haldnar hafa verið hátíðir í Waco í Texas sem íslenskir víkingar hafa farið á, en það er örlítið nær Íslandi en Dúbaí.

brjann@frettabladid.is



**VÍKINGAR Í KARLAKÓR** Stofnaður hefur verið karlakór innan víkingafélagsins Rimmugýgjar. Fréttablaðið leit í heimsókn á fyrstu æfingu kórsins í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Við þurftum að fara í gegnum mjög hart forval til þess að velja álitlegustu kappana.**
>
> *Hafsteinn Pétursson, jarl Rimmugýgjar*




Skýrsluhöfundar um aðildarviðræður við ESB vilja ljúka aðildarviðræðum:

# Bera samninginn undir þjóðina

**STJÓRNMÁL** „Það veltur á því hvernig nýta ætti þá niðurstöðu hvort gagn væri að því að fara í slíka kosningu,“ segir Frosti Ólafsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands (VÍ), spurður um hvort halda eigi þjóðaratkvæðagreiðslu um áframhald aðildarviðræðna við Evrópusambandið (ESB) samhliða sveitastjórnarkosningum í vor.

VÍ vinnur að skýrslu um stöðu aðildarviðræðna í samstarfi við Samtök atvinnulífsins, Alþýðusamband Íslands og Félag atvinnurekenda. Alþjóðamálastofnun ritstýrir skýrslunni og búist er við að hún verði tilbúin í vor.

„Okkar afstaða var sú að heppilegast væri að ljúka aðildarviðræðum og það væri jákvætt að fá mynd af stöðu almennings til viðfangefnisins. Á sama tíma er það undarleg staða að halda áfram aðildarviðræðum þegar ríkisstjórnin, sem myndi ljúka samningaviðræðunum, hefur þá yfirlýstu stefnu að Íslandi sé betur borgið utan ESB. Ég held að sú staða eigi sér enga hliðstæðu í sögu ESB. Þannig veltur það á sveigjanleika stjórnvalda hvort gagn væri að slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu,“ segir Frosti.

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir samtökin ekki hafa mótað neina afstöðu til þessa sjónarmiðs.

„En afstaðan hefur verið sú að mönnum teldi best fyrir komið að viðræðum væri lokið og samningur borinn undir þjóðaratkvæði,“ segir Þorsteinn. **- eb,ebg**



**Í REYKJAVÍKURHÖFN** Frá heimsókn varðskips ESB fyrir hálfu öðru ári síðan. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

ENNEMM / SÍA / NM60754




### Frjálsir punktar með fjölbreyttum viðskiptum

Í Vildarþjónustu Íslandsbanka nýtur þú betri kjara og safnar Íslandsbankapunktum með kortaveltu, sparnaði, bílalánum og annarri bankaþjónustu. Punktarnir eru frjálsir og þú getur notað þá í hvað sem þér dettur í hug.

**Vildarþjónustan veitir þér skemmtileg tilboð og spennandi afsláttarkjör. Sæktu Íslandsbanka Appið eða farðu á islandsbanki.is til að fylgjast með!**

**Þú getur breytt punktunum í:**

- Peninga
- Vildarpunkta Icelandair
- Ferðaávísun
- Sparnað
- Framlag til góðgerðarmála

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

## SVONA ERUM VIÐ



**13.059** **hraðakstursbrot voru upplýst með sjálfvirkum myndavélum á síðasta ári.**

**Það voru um 35 prósent allra umferðarlagabrota sem voru skráð í fyrra.**

*Heimild: Ríkislögreglustjóri*

Mænusótt hefur nánast verið útrýmt í Indlandi með öflugu bólusetningarátaki síðustu misseri:

# Ekkert nýtt tilfelli hefur greinst í þrjú ár

**INDLAND, AP** Indverjar fögnuðu því í gær að þrjú ár eru liðin frá því að mænusótt greindist þar síðast. Ef fram fer sem horfir verður Indland, í mars næstkomandi, formlega sett í hóp þeirra landa þar sem mænusótt hefur verið útrýmt.

Mænusótt leggst einna helst á börn undir fimm ára aldri og smitast með vatni. Veiran ræðst á taugakerfi fólks og veldur lömun, vöðvarýrnun, afmyndun og í sumum tilfellum dauða.

Indland var lengi vel eitt af þeim löndum þar sem baráttan við mænusótt var hvað erfiðust. Árið 2009 greindust 741 tilfelli af mænusótt í landinu og árið eftir voru þau 42. Síðasta tilfellið kom upp í austurhluta landsins árið 2011.

Lykillinn að þessum árangri er hins vegar meiri háttar bólusetningarherferð síðustu þrjú ár þar sem nærri 2,5 milljónir sjálfboðaliða fóru landshorna á milli og bólusettu börn.

Baráttan gegn mænusótt á heimsvísu hefur gengið afar vel síðustu ár og er sjúkdómurinn nú aðeins landlægur í þremur löndum, Nígeríu, Pakistan og Afganistan, samanborið við 125 lönd fyrir aldarfjórðungi.

Nálægðin við Pakistan er einmitt áhyggjuefni fyrir yfirvöld á Indlandi. Til að koma í veg fyrir smit hafa Indverjar sett upp bólusetningaraðstöðu á landamærunum við Pakistan þar sem öll börn sem fara þar um eru bólusett. **- þj**



**LYKILATRIÐI** Eftir öflugt bólusetningarstarf hefur mænuveiki ekki greinst á Indlandi í þrjú ár. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**DENNIS RODMAN Á FLUGVELLINUM** Umsetinn ljósmyndurum, nýkominn til Kína. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rodman biðst afsökunar:

## Segist ekkert hafa getað gert

**NORÐUR-KÓREA, AP** „Mér þykir það leitt en ég gat bara ekkert gert,” sagði bandaríski körfuboltakappinn Dennis Rodman í morgun á flugvellinum í Peking, nýkominn frá Norður-Kóreu þar sem hann fagnaði afmæli leiðtogans Kim Jong Un með því að efna til körfuknattleiks á afmælisdeginum.

Rodman hefur verið harðlega gagnrýndur fyrir að nota ekki samband sitt við leiðtogann umdeilda, sem hann segir „besta vin sinn“, til að fá bandaríska trúboðann Kenneth Bae lausan úr haldi. Bae hefur setið í fangelsi í Norður-Kóreu í meira en ár fyrir „glæpi gegn ríkinu“. **- gb**

## LEIÐRÉTT

Rangt var farið með fjölda varamanna í stjórnum íslenskra fyrirtækja í blaðinu í gær. Tæplega 28 þúsund einstaklingar eru varamenn í stjórnum, þar af rúmlega 14 þúsund konur. Hlutfallið er 51,3 prósent.

Viðskiptaþing 2014 fer fram 12. næsta mánaðar, ekki síðar í þessari viku, líkt og ranghermt var í leiðara blaðsins í gær.

# Mun ekki endurskoða lög um kynjakvóta á vorþingi

Iðnaðarráðherra ítrekar að ekki hefur verið tekin ákvörðun um endurskoðun laga um kynjakvóta í stjórnum fyrirtækja, sem tóku gildi í september á síðasta ári. Hún segir ekkert launungarmál að hún hafi verið andvíg lagasetningunni. Margir í atvinnulífinu séu hlynntir lögunum, en aðrir fari fram á breytingar.

**VIÐSKIPTI** „Mig langar að ítreka að það hefur ekki verið tekin ákvörðun um að fara fram með endurskoðun á þessum lögum. Mér þykir rétt að afla mér upplýsinga frá aðilum innan atvinnulífsins um hvernig löggjöfin er að virka, en málið verður ekki tekið fyrir á vorþinginu,“ segir Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðarráðherra.



**RAGNHEIÐUR ELÍN ÁRNADÓTTIR**

Fréttablaðið sagði frá því að ráðherra hefði boðað til fundar með fulltrúum atvinnulífsins til þess að kynna sér ólík sjónarmið um lög um kynjakvóta í stjórnum fyrirtækja, sem tóku gildi síðastliðið haust.

„Það er ekkert launungarmál að ég var andvíg lagasetningunni og á þeim tíma voru margir andvígir henni. En ég heyri núna að menn eru víða í atvinnulífinu hlynntir þessu, aðrir vilja lagfæra lögin og enn aðrir eru enn þá mótfallnir þeim,“ segir Ragnheiður.

Spurð hvaða hugmyndir séu uppi um breytingar á lögunum segir Ragnheiður þær varða meðal annars umfang laganna, það er fjölda starfsmanna og umsvif fyrirtækja. „Ýmsir telja þetta vera of smá fyrirtæki. Oft er um að ræða fjölskyldufyrirtæki sem eru bara með einkafjármagn og þykir sumum lögin vera óþarfa inngrip í slík fyrirtæki. Aðrir vilja sjá þetta í almennum hlutafélögum, opinberum hlutafélögum og stærri fyrirtækjum,“ segir hún.

Rúmir fjórir mánuðir eru síðan lögin tóku gildi, en ráðherra segir ekki of stutt liðið til að meta áhrif þeirra. „Það er orðið langt síðan lögin voru sett og fyrirtækin hafa haft rúman aðlögunartíma. Mín skoðun í þessu máli er ekki aðalmálið, heldur vil ég sem ábyrgðarmaður þessara laga tryggja að lögin geri okkur gagn. Þetta snýst ekki bara um hausafjöldann, heldur trúa margir – og ég líka – að fjölbreytileiki í stjórnum fyrirtækja sé af hinu góða. Spurningin er bara hvernig við náum þessu markmiði,“ svarar Ragnheiður. Komi fram áhugi á að endurskoða lögin, segir Ragnheiður það ekki verða á þessu þingi. Þó geti verið lítil sem stór atriði sem menn séu sammála um að þurfi að laga. **eva@frettabladid.is**



**KYNJAKVÓTAR** Lög um kynjakvóta í stjórnum fyrirtækja tóku gildi 1. september 2013 eftir þriggja og hálfs árs aðlögunartíma frá setningu laganna í mars 2010. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### ➜ Gefa þarf meiri tíma



Mér finnst þetta sérkennilegt þar sem lögin eru rétt gengin í gildi. Fyrst er ástæða til að gefa þeim tíma til að virka. Það er búið að fara margsinnis í gegnum þessa umræðu og sífellt fleiri lönd velja að fara þessa leið. Annað hvort bíðum við í tvö hundruð ár eða gerum eitthvað núna.

*Kristín Ástgeirsdóttir*

### ➜ Studdi lögin



Ég sé ekkert að því að halda fund. Það er okkar hlutverk hér. Ég hef ekki meira um það að segja á þessari stundu. Ég studdi lögin á sínum tíma og yrði bara að kanna hvað kæmi út úr þessari skoðun ráðherra áður en ég tæki afstöðu til þess.

*Höskuldur Þórhallsson*

### ➜ Almenn eining



Með ólíkindum er að ráðherra tali um konur í stjórnum íslenskra fyrirtækja sem súkkulaðikleinur. Þau ummæli dæma sig sjálf. Fram komu mismunandi skoðanir á sínum tíma, en þegar lögin tóku gildi virtist almenn eining um að jákvætt væri fyrir íslenskt atvinnulíf að fjölga til muna konum í stjórnum fyrirtækja.

*Sigríður Ingibjörg Ingadóttir*

### ➜ Málið á dagskrá



Við mætum til fundar við ráðherra sem hefur alltaf verið mjög skýr í sinni afstöðu. Að hún ætli að skoða málið er bara gott og gilt. Fjölbreytileiki í stjórnum er á dagskrá, kynjakvóti eða ekki kynjakvóti. En ég myndi líta það alvarlegum augum ef ráðherra ætlaði að afnema lögin núna.

*Þórdís Lóa Þórhallsdóttir*






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**LÆGIR SMÁM SAMAN** Norðaustan- eða austanátt ríkjandi á landinu næstu daga með úrkomu um austanvert landið en annars yfirleitt úrkomulítið. Lítilsháttar él við norðurströndina en slydduél syðra. Kólnar í veðri til morguns.




**Á morgun**
10-18 m/s, en hægari NA-til.




**Fimmtudagur**
Hægur vindur en stíf N-átt NV-til.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 17° | Billund | 4° | Gautaborg | 5° | London | 6° | Orlando | 23° | San Francisco | 18° |
| Basel | 5° | Frankfurt | 4° | Kaupmannahöfn | 5° | Mallorca | 17° | Ósló | -4° | Stokkhólmur | -2° |
| Berlín | 6° | Friedrichshafen | 4° | Las Palmas | 19° | New York | 9° | París | 8° | | |



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# Betri kjör á bílafjármögnun

**Út janúar** eru engin lántökugjöld og stimpilgjöld af lánum einstaklinga til kaupa á nýjum bílum. Landsbankinn býður fjölbreyttar leiðir í bílakaupum og viðskiptavinir njóta betri kjara.

**75%** Allt að 75% lánshlutfall

**7 ára** Allt að 7 ára lánstími

**0%** Engin lántökugjöld

**Vexti, verðskrá og nánari upplýsingar** má finna á landsbankinn.is eða hjá Bíla- og tækjafjármögnun Landsbankans í Borgartúni 33. Afsláttur gildir til 1. febrúar 2014.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

## VEISTU SVARIÐ?




**1.** Hvert er hlutfall kvenkyns stjórnarmanna í íslenskum fyrirtækjum?
**2.** Hvað heitir nýr framkvæmdastjóri Listahátíðar í Reykjavík?
**3.** Hvað skoraði Rúnar Kárason mörg mörk fyrir Ísland gegn Noregi?

**SVÖR:**
**1.** 23 prósent. **2.** Ingi Rafn Sigurðsson. **3.** Fjögur.

Gengið til þjóðaratkvæðis:

# Egyptar kjósa um stjórnarskrá

**EGYPTALAND, AP** Í dag og á morgun er efnt til þjóðaratkvæðagreiðslu í Egyptalandi um nýja stjórnarskrá, sem bráðabirgðastjórn landsins hefur látið gera. Nýja stjórnarskráin er breytt útgáfa stjórnarskrár, sem Mohammed Morsi, þáverandi forseti, lét kjósa um í desember 2012.

Her landsins steypti Morsi af stóli síðasta sumar, þrátt fyrir að hann hafi verið lýðræðislega kjörinn. Efna á til kosninga til bæði þings- og forseta síðar á árinu. **- gb**


Ætlar þú að **breyta** um **lífsstíl?**

Að námskeiðinu standa m.a. hjúkrunarfræðingar, íþróttafræðingar, læknir, næringarfræðingur, sálfræðingar og sjúkraþjálfarar.

**Heilsulausnir**
Henta einstaklingum sem glíma við offitu, hjartasjúkdóma og/eða sykursýki.

- Heilsulausnir hefjast mánudaginn 20. jan.
- Mán, mið og fös kl. 06:20, 10:00, 14:00 eða 19:30
- Verð kr. 17.500 pr. mán í 12 mán.
- Skráning í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg.is

**Kynningarfundur**
**miðvikudaginn 14. janúar kl. 18:30**
**– Allir velkomnir!**



HEILSUBORG
Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is





Svo létt á brauðið




**Á GEIRSNEFI** Flestir þekkja Geirsnefið sem útivistarsvæði við Elliðaárvoga, en færri vita að þeir standa á uppfyllingu sem að mestu leyti er tilkomin vegna sorpurðunar á sjöunda áratugnum. Nú óttast menn mengun frá því sem urðað var. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Óttast að mengun berist frá sorpi í sjó

Óttast er að mengun berist í Elliðaárvog og innri hluta Sunda auk Grafarvogs frá gömlum urðunarstöðum innan borgarmarkanna. Þetta er eitt þriggja svæða sem Umhverfisstofnun hefur mestar áhyggjur af hvað varðar mengun vatns á Íslandi.

Gert er ráð fyrir því að mengun leki í Elliðaárvog og innri hluta Sunda auk Grafarvogs frá spilliefnum í gömlum urðunarstöðum á svæðinu. Uppsöfnun mengunarefna í setlög og lífríki er talin hugsanleg, en lítið er vitað um ástand vistkerfisins á staðnum.

Þetta kemur fram í Stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands, sem Umhverfisstofnun (UMST) birti á fimmtudag.

**Gömul mengun – og ný**

Jóhanna Björk Weisshappel, sérfræðingur á UMST og höfundur skýrslunnar, segir að þetta svæði sé eitt þriggja sem sérfræðingar stofnunarinnar hafa mestar áhyggjur af. Fréttablaðið fjallaði um mengun frá öðru þessara svæða á föstudag – gömlum urðunarstöðum hersins á Miðnesheiði sem menga grunnvatn.

„Strandsjó á þessu svæði teljum við vera undir álagi, einkum vegna leka gamallar mengunar, olíu og jafnvel þungmálma og spilliefna, frá gömlu öskuhaugunum í Gufunesi, sem var allsherjar urðunarstaður fyrir úrgang meðal annars úrgangsolíur, og frá Geirsnefinu sjálfu – landfyllingunni – þar sem bílum og öðrum úrgangi var fargað og því mögulega rafgeymum sem innihalda PCB-olíu. Þetta svæði, sem við í raun teljum mögulega vera í hættu á að uppfylla ekki gott vistfræðilegt ástand, á eftir að skoða með tilliti til áhrifa á vistkerfið til að staðfesta það. Vegna þess gátum við ekki sagt að þetta svæði sé í hættu í stöðuskýrslunni, en þetta er það svæði á höfuðborgarsvæðinu sem við höfum mestar áhyggjur af – strandsjónum við Geirsnefið og út af Gufunesi.“

Í skýrslunni greinir jafnframt frá fleiri stöðum í Reykjavík sem hafa beri í huga í sambandi við mengun á svæðinu; gamall urðunarstaður á svæði frá Grandavegi og vestur um, auk gamallar sorpbrennslu og sorpeyðingarstöð undir Bryggjuhverfinu í Grafarvogi. Talin er meiri mengunarhætta út frá öllum þessum stöðum en nýjum urðunarstöðum, þar sem strangar reglur gilda nú um hvaða úrgang má urða.

**16 urðunarstaðir**

Á vegum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) var gerð úttekt á gömlum urðunarstöðum í Reykjavík og birt skýrsla um rannsóknina árið 2006. Þar er bent á að beggja vegna urðunarstaðarins á Geirsnefi renna kvíslar Elliðaáa og nauðsyn þess að kanna hvort efnamengun berist frá staðnum. Eins var mælt með rannsóknum í Gufunesi, en haustið 2012 kom í ljós olíumengun í sjó utan við gömlu Gufuneshaugana, sem talin er berast með regnvatnslögn sem liggur um hauganа og þaðan í sjó.

En hvað hefur verið gert síðan skýrslan var birt árið 2006?

Kristín Lóa Ólafsdóttir, heilbrigðisfulltrúi hjá HER og annar höfundur skýrslunnar, segir að vöktun á svæðinu sé haldið úti frá árinu 2009, en hvað ár eru allar ár og vötn í landi Reykjavíkur vöktuð sérstaklega. Á næsta ári mun verða tekin upp ný vöktunarsería og þá verður lögð áhersla á vöktun á Geirsnefi og taka betur á málum í Gufunesi.

Spurð hvort ekki sé æskilegt að hreinsa upp mengunina á Geirsnefi segir Kristín Lóa það mjög flókið og vart gerlegt í heild sinni. „Þetta verður ekki hreinsað upp svo glatt. Raunhæft er að fylgjast með svæðinu, meðal annars með því að taka þungmálmasýni og haga mótvægisaðgerðum eftir niðurstöðum þeirra. Hvað Gufunesið varðar vinnum við að endurbótum með Orkuveitu Reykjavíkur. Þar liggur regnvatnslögn í gegnum hauginn út í sjó sem þarf að skoða vel hvað varðar endurbætur,“ segir Kristín Lóa.

svavar@frettabladid.is

## URÐUNARSTAÐIR Í REYKJAVÍK Á 20.ÖLD




### ➜ Urðunarstaður á Geirsnefi

Farið var með bílhræ og annan úrgang frá bílapartasölunni Vöku og urðað í tippnum við Geirsnef.

Tvennum sögum fer af því hvort búið var að taka olíu og rafgeyma úr bílunum fyrir urðun. Í sumum tilfellum voru vélar, hásingar og bensíngeymar fjarlægðir. Þangað fór einnig grófur úrgangur úr Sorpeyðingarstöðinni við Stórhöfða ef ófært var á aðra urðunarstaði. Stærstur hluti bílhræja fór í þann hluta Geirsnefs sem er andspænis húsi Ingvars Helgasonar ehf. við Sævarhöfða. Hér leynist líklega mikið magn af spilliefnum, svo sem olíuefnum, rafgeymasýru, þungmálmum og ef til vill PCB [þrávirk lífræn efni].

### ➜ Gufunes - stærsti urðunarstaðurinn

Hér er um að ræða stærsta urðunarstaðinn á höfuðborgarsvæðinu. Á þennan stað fór allur almennur úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum, auk spilliefna, bílhræja, garðaúrgangs, brotajárns, timburs, byggingarúrgangs og úrgangs úr holræsabílum. Í fyrstu var ekki gerð nein tilraun til að aðskilja úrgang sem á haugana fór heldur var spilliefnum blandað saman við almennan úrgang.

Eftir 1984 var farið að setja olíu í sér pytti og er nokkurn veginn vitað hvar þeir pyttir eru. Stærð þeirra og nákvæm staðsetning er þó óþekkt. Spilliefnamóttaka tók til starfa á höfuðborgarsvæðinu árið 1990 og minnkaði þá straumur spilliefna á haugana verulega. Eftir að Sorpa tók til starfa á árinu 1991 var urðun úrgangs flutt að mestu leyti út á Álfsnes og endanlega gengið frá haugunum á árinu 1992.

*Heimild: Gamlir urðunarstaðir í Reykjavík, 2006*




# Fjölbreytt lína af bætiefnum

**Nutra vítamínin eru framleidd samkvæmt ströngustu gæðastöðlum.**
**Þau fást nú á frábæru verði í verslunum Bónus og Hagkaups.**

nutra BÓNUS HAGKAUP

Fjöldi kaupsamninga meiri:

# Fasteignakaup fóru vel af stað

**VIÐSKIPTI** 155 kaupsamningum var þinglýst á höfuðborgarsvæðinu vikuna þriðja til níunda janúar og var heildarvelta samninganna tæpir níu milljarðar króna.

Bæði fjöldi samninga og velta var töluvert hærri en meðaltal síðustu mánaða og virðist árið því fara ágætlega af stað á fasteignamarkaðnum. Af þinglýstum samningum voru 112 samningar um eignir í fjölbýli, 27 í sérbýli og 16 um annars konar eignir en íbúðarhúsnæði. - eh

Reglur um öryggi við meðferð persónuupplýsinga voru brotnar með birtingu ferilskráa á heimasíðu:

# Persónuvernd slær á fingur Elko vegna brots

**STJÓRNSÝSLA** Persónuvernd hefur úrskurðað að Elko hafi brotið gegn reglum um öryggi við meðferð persónuupplýsinga þegar fyrirtækið birti á heimasíðu sinni ferilskrár umsækjenda um störf hjá fyrirtækinu allt frá árinu 2006 til ársins 2013.

Í mars 2013 bárust Persónuvernd sex kvartanir umsækjenda og starfsmanna Elko.

Ferilskrár umsækjenda birtust á heimasíðunni og mátti opna þær og kynna sér.

Þannig komu ferilskrárnar einnig upp ef nafn umsækjenda var slegið inn í leitarvél Google og dæmi var um að umsóknir væru geymdar í næstum þrjú ár.

Á vef Elko segir að umsóknir séu geymdar í tvo mánuði.

Í svari Elko vegna málsins til Persónuverndar kemur fram að vegna misskilnings við flutning vefsins á nýjan netþjón hafi síðum vefsins með ferilskránum ekki verið læst. Um leið og gallinn komst upp hafi verið læst fyrir þessi svæði og í kjölfarið haft samband við Google en þeir geyma afrit af sumum síðum í biðminni. - ebg



**ELKO** Fyrrverandi starfsmenn og umsækjendur fyrirtækisins kvörtuðu til Persónuverndar vegna starfsumsókna sem voru aðgengilegar öllum á vefnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

**Vilt þú gerast persónulegur talsmaður fatlaðs einstaklings?**

Einstaklingur, sem vegna fötlunar á erfitt með að gæta hagsmuna sinna, á rétt á að velja persónulegan talsmann sér til aðstoðar, skv. 7. grein laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk frá 2011. Meðal skilyrða sem þarf að uppfylla til þess að gerast persónulegur talsmaður er að sækja fræðslu um innihald og áherslur í starfinu. Um ólaunað starf er að ræða, en tilfallandi kostnaður er greiddur.

**Námskeið fyrir áhugasama**

Þeir sem hafa áhuga á að gerast persónulegir talsmenn eru beðnir um að **hafa samband við réttindagæslumann fatlaðs fólks á sínu svæði fyrir 24. janúar nk.** og munu í framhaldinu fá upplýsingar um námskeið vegna fyrrgreindrar fræðslu.

Réttindagæslumaður mun veita frekari upplýsingar um hlutverk persónulegs talsmanns sé þess óskað, en nálgast má lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk sem og reglugerð um persónulega talsmenn á www.vel.is/rettindagaesla, en þar er einnig að finna upplýsingar um réttindagæslumenn fatlaðs fólks.

*Velferðarráðuneytinu, 10. janúar 2014*









**MINNINGARATHÖFN Í JERÚSALEM** Tony Blair, fyrrverandi forsætisráðherra, og John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, standa þarna hvor sínum megin við Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, og eiginkonu hans, Söru Netanjahú. NORDICPHOTOS/AFP

# Umdeildur leiðtogi borinn til grafar

Ísraelar minnast Aríels Sharons sem mikilfenglegs stjórnmálaleiðtoga, en Palestínumenn rifja upp fjöldamorð og stríðsglæpi. Eftir að hann komst til valda sneri hann að nokkru við blaðinu.

**ÍSRAEL** Ráðamenn frá Bandaríkjunum, Bretlandi og Þýskalandi voru meðal þeirra sem vottuðu Aríel Sharon virðingu sína, þegar haldin var minningarathöfn um hann í gær.

Hans var þar minnst sem mikilfenglegs þjóðarleiðtoga, en aðrir urðu til þess að rifja upp grimmilegan feril hans sem fjöldamorðingja.

Sharon var forsætisráðherra Ísraels frá 2001 þar til hann fékk heilablóðfall í ársbyrjun 2006. Eftir það lá hann í dái í átta ár þangað til hann lést nú á laugardaginn.

Áður en hann varð forsætisráðherra hafði hann átt langan feril sem hermaður, herforingi og hermálaráðherra og bar þá ábyrgð á mörgum stríðsglæpum.

„Lát hans er enn ein áminningin um að áralöng mannréttindabrot hafa engu skilað í þá átt að færa okkur nær friði milli Ísraela og Palestínumanna,“ segir Sarah Lea Whitson hjá samtökunum Human Rights Watch, sem hafa eins og fleiri mannréttindasamtök óspart minnt á dekkri hliðarnar á ferli Sharons.

Þekktust eru þar fjöldamorðin í Sabra og Sjatila árið 1982, þar sem ábyrgð hans var óbein í þeim skilningi að stjórnaði þeim ekki sjálfur, en einnig hefur verið rifjað upp að árið 1953, þegar hann var 25 ára, var hann yfirmaður ísraelskrar vígasveitar sem tók að sér að hefna fyrir árásir Palestínumanna. Hann stjórnaði þá meðal annars árás á bæinn Kibja á Vesturbakkanum. Meira en fjörutíu hús voru þar sprengd í loft upp og kostuðu þær aðgerðir 69 íbúa þar lífið. Um helmingur hinna látnu voru konur og börn. Sharon sagðist síðar hafa haldið að húsin væru tóm.

Eftir að Sharon komst til valda árið 2001 sneri hann að nokkru við blaðinu og tók meðal annars af skarið um að draga ísraelska herinn burt frá Gasasvæðinu. Hann tók einnig þann pól í hæðina, sem var óvenjulegt meðal ísraelskra ráðamanna, að Ísraelar ættu ekki endilega skilyrðislausan rétt til alls landsvæðis Palestínumanna á hinum hernumda Vesturbakka og Gasasvæði.

Þessi breytta afstaða féll í misjafnan farveg meðal Ísraela, sem sumir hverjir töldu hann þar hafa svikið eigin málstað.

gudsteinn@frettabladid.is

## Fjöldamorðin í Sabra og Sjatila

Aríel Sharon var varnarmálaráðherra Ísraels árið 1982 þegar hópur falangista, kristinna Líbana, réðst inn í búðir palestínskra flóttamanna og myrti þar fjölda manns.

Á þessum tíma stóð yfir borgarastyrjöld í Líbanon, en ísraelski herinn hafði hertekið Beirút og meðal annars umkringt flóttamannabúðirnar.

Árið 1983 komst ísraelsk rannsóknarnefnd að þeirri niðurstöðu að Sharon, sem varnarmálaráðherra, hafi persónulega borið ábyrgð á því að ísraelski herinn hleypti falangistum inn í búðirnar. Í kjölfarið sagði hann af sér ráðherraembætti, en var aldrei sóttur til saka og tuttugu árum síðar var hann orðinn forsætisráðherra.

Ekki er vitað með vissu hve margir Palestínumenn voru myrtir í búðunum, en tölur hafa verið nefndar á bilinu 700 til 3.500.

Geymdu þessa auglýsingu

*Nám í viðurkenndum tölvuskóla - skráðu þig núna:*

# Tölvunám sem gefur þér forskot

Vertu betri með því að sækja nám í Tölvuskóla Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og yfir 45.000 nemendur hafa sótt tölvumenntun sína til skólans á liðnum 27 árum. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar býður breitt úrval námskeiða og frábæra leiðbeinendur. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax í skólann sem flestir sækja.



Bókaðu þig núna á tv.is

## Grunnur að góðri tölvuþekkingu:



### Almennt tölvunám
Ítarlegur grunnur að betri tölvuþekkingu

Frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt nám um öll helstu tölvuforritin, Windows, Word, Excel, Outlook og Internetið.

Verð: 63.000 Stundir: 63
Styttri útgáfa: 45.000 Stundir: 45



### Nýtt tölvunám fyrir 50+
Fjölbreytt og skemmtilegt fyrsta námskeið

Frábært nám fyrir þá sem vilja kynnast því helsta sem tölvur eru notaðar við. Kennt á Windows, Word, Excel, Skype, Facebook, Internetið, tölvupóst og stafræna ljósmyndun.

Góður grunnur fyrir frekara nám.

Verð: 59.000 Stundir: 54



### Spjaldtölvunámskeið
Android sími eða spjald er þarfasti þjónninn

Mjög gagnlegt námskeið um notkun spjaldtölva og helstu forrit sem eru í þeim, t.d. tölvupóstur, internetið, Skype, Facebook, YouTube, myndavél, vídeó og forrit sem hægt er að sækja ókeypis á Internetið. Námskeiðið er fyrir flestar gerðir Android spjaldtölva og síma.

Verð: 8.000 Stundir: 4

## Bókhaldsnám:



### Hagnýtt bókhaldsnám
Fyrir þá sem vilja verða góðir bókarar

Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað er öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnu-rekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Hefðbundið bókhald og tölvubókhald kennt af frábærum kennurum.

Verð: 119.000 Stundir: 94



### Hagnýtt bókhaldsnám II
Framhaldsnámskeið fyrir lengra komna

Framhaldsnámskeið í bókhaldi fyrir þá sem vilja ná dýpri skilningi á flóknari færslum fjárhagsbókhalds og nýta sér betur sérkerfi til að vinna upplýsingar úr þeim og geta gengið frá sundurliðinum til skattauppgjörs og ársreikningagerðar endurskoðanda.

Verð: 99.000 Stundir: 58

## Vefsíðugerð og Photoshop:



### Joomla vefsíðugerð
Einfalt, öflugt og fyrir alla

Lærðu að búa til vefi með einu þekktasta vefumsjónarkerfi veraldar og sláðu í gegn. Enginn hugbúnaður sem þarf að kaupa og hægt að byrja á vefnum strax. Joomla er öflugt og einfalt og margir af þekktustu vefjunum eru gerðir með Joomla.

Verð: 29.000 Stundir: 18




### Photoshop nám
Hágæða grafík og ljósmyndir

Þetta er kraftmikið og skemmtilegt nám um Photoshop sem hentar jafnt áhugamönnum og þeim sem starfa, eða vilja starfa, við grafíska hönnun, vefhönnun eða vinnslu ljósmynda til birtingar.

Verð: 39.000 Stundir: 22

## Excel:



### Excel töflureiknirinn
Skilar góðri og dýrmætri þekkingu

Ítarlegt nám fyrir þá sem vilja hafa hámarksnot af tölvunni við meðhöndlun talna, áætlanagerð, alls konar útreikninga og úrvinnslu talna. Þú bætir miklu við þekkingu þína á Excel.

Gott úrval framhaldsnámskeiða í Excel á tv.is.

Verð: 30.000 Stundir: 22



### Excel PowerPivot
Öflug greining gagna með Excel

Kennt á nýja öfluga viðbót, PowerPivot, sem opnar nýjar víddir í greiningu alls konar gagna með Excel.

Námskeið fyrir alla sem vilja greina gögn á skýran og markvissan hátt án mikils kostnaðar.

Verð: 34.000 Stundir: 13



### Excel fjölvar og forritun
Aukin sjálfvirkni og eigin föll í Excel

Kennt er að búa til alls konar sjálfvirkni í Excel með VBA, smíða eigin reikniföll og meðhöndla þannig gögn á einfaldari hátt.

Námskeið fyrir vana Excel notendur sem vilja ná á næsta stig þekkingar og getu í Excel.

Verð: 54.000 Stundir: 27

## Ljósmyndun:



### Stafræn ljósmyndun
Myndavélin og vinnsla mynda í tölvu

Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafrænu myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndirnar inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa á geisladisk til eignar eða gjafa og senda með tölvupósti, allt með Picasa.

Verð: 18.000 Stundir: 13

## Leikjaforritun:



### Leikjaforritun fyrir 11-16 ára
Eflir rökhugsun og er þrælskemmtilegt

Kennt að búa til leikjaforrit á skemmtilegan og einfaldan hátt. Námskeið sem byggir á 20 ára reynslu okkar af að kenna ungmennum að forrita.

Verð: 24.500 Stundir: 22

## Forritun og verkefnastjórnun:



### Grunnnám í forritun
Fyrir þá sem vilja vita hvort forritun er fyrir þá

Skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast forritun og undirbúa sig fyrir frekara nám í forritun. Helstu forritunarmál eru kynnt og kennt er að búa til einföld forrit.

Verð: 45.000 Stundir: 22



### Visual C# og .NET vefforritun
Nýjar víddir og meiri afköst

Frábært nám fyrir þá sem vilja læra vinsælasta forritunarmálið. Hnitmiðað og yfirgripsmikið nám sem undirbýr þig fyrir krefjandi starf við forritunarverkefni. .NET vefforritun er hluti af náminu en hægt er að sækja hvorn hluta fyrir sig, C# eða vefforritun (sjá www.tv.is).

Verð: 189.000 Stundir: 95



### Hagnýt verkefnastjórnun
Stjórnunaraðferðir sem skila hámarksárangri

Kennd er heimsþekkt aðferðarfræði við undirbúning og stjórnun verkefna og verkloka. Tekin eru fyrir meginatriði áhættugreiningar og breytingastjórnunar ásamt áætlanagerð og stjórnun verkefna með Microsoft Project.

Verð: 109.000 Stundir: 60

## Fyrirtækjanámskeið:

Það fer mjög í vöxt að fyrirtæki leita eftir námskeiðum sem eru sniðin sérstaklega að þörfum þeirra varðandi innihald, lengd og tímasetningu. Þau vilja velja ákveðin afmörkuð atriði sem gera starfsmenn færari um að vinna að tilteknum verkefnum.

Við höfum í rúm 27 ár veitt fyrirtækjum þessa þjónustu og höfum mikla reynslu af skipulagningu og framkvæmd slíkra námskeiða á mjög samkeppnisfæru verði.

Sérsniðin og markviss námskeið skila miklum árangri.

## Einkakennsla:

Við veitum einstaklingum þá þjónustu að kenna þeim í einkatímum afmarkað efni sem þeir óska eftir, hvert sem um er að ræða úrlausn verkefnis eða kennsla nýrra aðferða.

## Úrval annarra námskeiða:

- Access I
- Access II
- Excel i, ii og iii
- .NET vefforritun
- Diplómanám í forritun
- DreamWeaver
- Fingrasetning
- Gagnagrunnsfræði
- Hugarkort
- Internetið
- Outlook
- Picasa
- Project
- PRINCE2
- Pivottöflur Excel
- PowerPoint
- Photoshop
- Photoshop Elements
- Windows 7 og 8
- Word grunnur
- Word framhald
- Dreifibréf og markpóstur
- Vinnsla langra skjala

..og margt fleira spennandi á dagskrá á vormisseri

- ***30 daga ókeypis símaþjónusta eftir námskeið***
- ***Þú getur bætt þér upp veikindi og forföll innan árs***
- ***Flest stéttarfélög styðja félagsmenn sína til náms hjá okkur***
- ***Hagstæðir greiðsluskilmálar***
- ***Pakkasamningar við fyrirtæki***

***Þetta er aðeins brot af þeim vönduðu námskeiðum sem eru í boði hjá TV, sem hefur verið í fremstu röð frá 1986.***

***Hringdu í 520 9000 eða Skoðaðu nánar á www.tv.is***

## Alþjóðleg prófmiðstöð:

PEARSON VUE
PROMETRIC

Viðurkenndur tölvu- og stjórnunarskóli í meira en 25 ár. Tölvuráðgjöf og prófmiðstöð
Grensásvegi 16 | 108 Reykjavík | Sími: 520 9000 | Fax: 520 9009 | tv@tv.is

www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

Stjórnarandstæðingar í Taílandi loka helstu gatnamótum höfuðborgarinnar:

# Vilja koma í veg fyrir kosningar

**TAÍLAND, AP** Stjórnarandstæðingar í Taílandi lokuðu í gær sjö helstu gatnamótum höfuðborgarinnar Bangkok. Með þessu vilja þeir reyna að koma í veg fyrir kosningar, sem halda á í næsta mánuði.

Stjórnarandstæðingarnir hafa nú mánuðum saman krafist afsagnar forsætisráðherra og ríkisstjórnar landsins, en hafa takmarkaða trú á því að komast sjálfir til valda í kosningum. Þess í stað vilja þeir að mynduð verði stjórn án kosninga, en hún fái það hlutverk að stemma stigu við spillingu og áhrifum peningaafla á stjórn landsins.

Fjölmargir taka þátt í mótmælunum, enda er mikil andstaða við stjórnina meðal milli- og efristéttanna í höfuðborginni þótt hún njóti víðtæks stuðnings meðal fátækari íbúa á landsbyggðinni.

Yingluck Shinawatra forsætisráðherra hefur harðneitað að segja af sér, en boðaði til kosninga í næsta mánuði. Hún vill funda með stjórnarandstöðunni á miðvikudag til að ræða frestun kosninganna - gb




**TAÍLENSKUR STJÓRNARANDSTÆÐINGUR** „Við elskum konunginn," stendur á treyjunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**MANNRÁN** Fórnarlambið var einungis með plastpoka utan um sig. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURJÓN

# Húsráðandi á Stokkseyri kom fyrir dóm

Vitnaleiðslum í Stokkseyrarmáli lauk í gær. Húsráðandi á Stokkseyri sagðist ekki hafa viljað skipta sér af. Faðir Stefáns Loga sagði fórnarlambið hafa verið lamið.

**DÓMSMÁL** Síðasti dagur vitnaskýrslna Stokkseyrarmálsins fór fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Þar bar fyrstur vitni húsráðandi hússins á Stokkseyri þangað sem annað fórnarlambið var fært nauðugt og misþyrmt þar til húsráðandinn leysti manninn úr haldi.

Sá sagðist hafa fengið upphringingu frá einum ákærða sem bað um að fá að koma í heimsókn. Þeir hafi síðan komið þrír, þar á meðal fórnarlambið. Húsráðandinn dró sig í hlé og sagðist ekki hafa viljað skipta sér af málinu en árásarmennirnir hafi farið með fórnarlambið í kjallara hússins. Þegar árásarmennirnir síðan yfirgáfu húsið leysti hann drenginn úr haldi, sem þá var aðeins klæddur í plastpoka, leyfði honum að fara í sturtu og kom honum burt.

Faðir Stefáns Loga Sívarssonar, Sívar Bragason, bar einnig vitni fyrir dómi í gær en það gerði hann símleiðis þar sem hann var staddur erlendis. Bæði fórnarlömbin voru færð í húsnæði Sívars í Hafnarfirði en Sívar sagðist ekki muna mikið frá þeim dögum þegar árásirnar áttu sér stað. Hann hafi verið heima þegar Stefán Blackburn og fleiri komu með Stokkseyrarfórnarlambið á heimili hans, en þá hafi verið búið að sprengja á honum vörina og hann hafi litið mjög illa út. Því hafi hann drifið drenginn í sturtu og sagði að hann hefði greinilega verið laminn. Sívar sagði að sonur sinn hefði ekki verið viðstaddur nema í um hálftíma.

Þá bar vitni stúlka sem var viðstödd veisluhöldin í Grýtubakka í Breiðholti, þar sem báðar árásirnar hófust að sagt er. Hún sagði ástæðu árásanna hafa verið frásögn annars fórnarlambsins af sambandi Stokkseyrarfórnarlambsins við barnsmóður Stefáns Loga. Hún sagðist ekki muna mikið og ekki mikið hafa séð. Þá kannaðist hún ekki við margt af því sem haft var eftir henni við skýrslutöku hjá lögreglu og sagðist hafa verið beitt miklum þrýstingi við skýrslutökuna.

Einnig var spiluð upptaka með einu vitnanna í Grýtubakkanum, sem lést áður en aðalmeðferð hófst. Sá rak upphaf málsins, þegar annað fórnarlambið upplýsti Stefán Loga um samband barnsmóður hans við Stokkseyrarfórnarlambið.

fanney@frettabladid.is








www.volkswagen.is




Volkswagen Polo
Sparar sig vel
Meðaleyðsla aðeins
5,5 lítrar á hverja 100 km
Polo 1.2 bensín kostar aðeins:
2.460.000 kr.
Polo Trendline 1.2 bensín, 70 hestafla, beinskiptur
Das Auto.
Komdu og reynsluaktu Volkswagen Polo
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði






# Skrifstofu- og skipulagsfíklar

## fá ritföngin í Rekstrarlandi




Rekstrarland býður margvíslegar rekstrarvörur fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili.
Starfsfólk Rekstrarlands tekur vel á móti viðskiptavinum og veitir alhliða ráðgjöf af þekkingu og fagmennsku.

REKSTRARLAND

Rekstrarland | Skeifunni 11 | 108 Reykjavík | Sími 515 1100

www.rekstrarland.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 140053

MORGUNVERÐARFUNDUR
fimmtudaginn 16. janúar kl. 8.30-10
á Icelandair hótel Reykjavík Natura

Bein erlend fjárfesting

Samtök atvinnulífsins efna til opins morgunfundar um beina erlenda fjárfestingu.

Frummælendur:
*Karim Dahou*, framkvæmdastjóri skrifstofu fjárfestinga og atvinnulífs hjá Efnahags- og framfarastofnuninni - OECD
**Stefnumörkun OECD og árangur í aðildarríkjum OECD**

*Frank Barry*, prófessor í alþjóðaviðskiptum við Trinity háskólann í Dublin
**Reynsla Íra af beinni erlendri fjárfestingu**

Umræður – staða Íslands:
*Ásdís Kristjánsdóttir*, forstöðumaður efnahagssviðs SA
*Friðrik Már Baldursson*, prófessor við HR
*Guðbjörg Edda Eggertsdóttir*, forstjóri Actavis á Íslandi
*Kristrún Heimisdóttir*, framkvæmdastjóri SI

*Fundarstjóri: Birna Einarsdóttir*, bankastjóri Íslandsbanka

Skráning á vef SA: www.sa.is

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



**AÐGERÐ Í SVÍÞJÓÐ** Fyrsta legígræðslan var gerð haustið 2012, en um er að ræða alveg nýja tegund af skurðaðgerðum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Í fararbroddi með nýja tegund líffæraígræðslna:

# Sænskir læknar hafa grætt leg í níu konur

➜ Enn er ekki vitað hvort aðgerðirnar muni bera þann árangur, sem að er stefnt, nefnilega að konurnar geti eignast börn.

**SVÍÞJÓÐ, AP** „Þetta er alveg ný tegund af skurðaðgerðum," segir Mats Brännström, læknir við sjúkrahúsið í Gautaborg. „Við höfum ekki haft neina kennslubók til að styðjast við."

Hann hefur, ásamt kollegum sínum við sjúkrahúsið, grætt leg í níu konur, og segir hann að öllum konunum vegni vel eftir aðgerðina. Allar hafi þær í hyggju að verða þungaðar sem fyrst og eignast börn.

Ýmist hafa konurnar fæðst án legs eða það hefur verið tekið úr þeim með skurðaðgerð. Legin, sem grædd hafa verið í þær, hafa mæður þeirra eða aðrir kvenkyns ættingjar gefið.

Aðgerðir af þessu tagi eru umdeildar, meðal annars vegna þess að taka þarf leg úr öðrum konum til að græða í hinar. Enn er ekki vitað hvort aðgerðirnar muni bera þann árangur, sem að er stefnt, nefnilega að konurnar geti eignast börn.

Á tveimur öðrum stöðum hafa verið gerðar tilraunir til að græða leg í konur. Það var gert í Tyrklandi og í Sádi-Arabíu, en þeim konum tókst ekki að verða þungaðar. Læknar í Bretlandi, Ungverjalandi og víðar hafa í hyggju að gera sams konar aðgerðir. - gb

Mikið úrval nýlegra bíla

LÆKKAÐU REKSTRARKOSTNAÐINN

Nýlegir bílar hafa mun lægri rekstrarkostnað en eldri bílar. Viðhaldið er minna og eyðslan lægri. Kynntu þér málið!

▶Tilboð: 3.990.000 kr.
Ford Kuga Titanium S AWD FBY85
Skráður apríl 2012, 2,0TDCi dísil, beinsk.
Ekinn 51.000 km.
Ásett verð: 4.290.000 kr. Í ábyrgð

▶Tilboð: 3.190.000 kr.
Ford Focus Titanium UFM45
Skráður maí 2012, 1,6TDCi dísil, beinsk.
Ekinn 40.000 km.
Ásett verð: 3.390.000 kr. Í ábyrgð

▶Tilboð: 790.000 kr.
Citroën C5 Station SX MV383
Skráður maí 2005, 2,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 150.000 km.
Ásett verð: 890.000 kr.

▶Verð: 1.890.000 kr.
Mazda2 Go ELM52
Skráður apríl 2013, 1,3 bensín, beinsk.
Ekinn 31.000 km.
Í ábyrgð

Fylgstu með á FACEBOOK
Notaðir bílar - Brimborg
Tilboðsbílarnir fara beint á Facebook!

FINNDU BÍLINN ÞINN Á NOTADIR.BRIMBORG.IS
TÖKUM ALLAR GERÐIR BÍLA UPPÍ!

Við tökum notaða bílinn þinn uppí á hagstæðu verði og þú getur fengið milligjöfina lánaða – möguleiki á engri útborgun.

Skoðaðu úrvalið á
NOTADIR.BRIMBORG.IS

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á


ÚTSALA
Kletthálsi Reykjavík og Reykjanesbæ
25-50%
afsláttur af
MÚRBÚÐARVERÐI!
Náttúrusteins-
handlaugar
20-50% afsláttur
25%
afsláttur
af öllum
sturtuhornum
Handlaugar verð frá kr.
1.900
25% verðlækkun á völdum flísum
MIKIÐ
ÚRVAL
Vemar River #40201
handlaugartæki kr.
6.990
4.890
25% afsláttur af
WC aukahlutum úr krómi
1.590 1.192
1.290
1.192
5 lítrar
2.490
1.867
2.990
1.867
5.990,-
4.492,-
2.990,-
2.242,-
HDD1106 580W stingsög DIY
3.990
2.990
Rafhlöðuborvél
/skrúfvél HDD 3213
18V DIY
8.990
6.740
Ryk/blautsuga Drive ZD10-
50L 1000W, 50 lítrar
28.900,-
21.675
NOVA TWISTER 4,8V
Skrúfvél og skrúfbitar
1.790
990
25%
Panelofnar í MIKLU ÚRVALI!
FRÁBÆRT VERÐ!
EURONORM
EN 442
CE
Kaffivél með Thermo hitakönnu
10-12 bolla, 900w
2.490
1.865
3.515
Ryco lampi með perum
hvítur spegill 2x36W
4.690
KRANAR OG
HITASTILLAR FRÁ Danfoss
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
Reykjavík Kletthálsi 7. Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

# SKOÐUN

Æ skrýtnari Evrópustefna ríkisstjórnarinnar:

# Máli drepið á dreif

Umræður um hver eigi að vera næstu skrefin í samskiptum Íslands og Evrópusambandsins taka æ furðulegri stefnu. Fyrir kosningar voru lykilmenn í báðum núverandi stjórnarflokkum á því að gera ætti hlé á aðildarviðræðunum og efna svo til þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald þeirra.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, nú fjármálaráðherra, lofaði atkvæðagreiðslu á fyrri hluta kjörtímabilsins. Gunnar Bragi Sveinsson, sem í dag er utanríkisráðherra, taldi að leyfa ætti þjóðinni að „taka ákvörðun um það hvort þessu verði haldið áfram eða hvernig verður haldið á þessu“. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins og nú forsætisráðherra, sagði að þegar mál hefðu skýrzt og Íslendingar vissu „hvort eða hvernig ESB lifir af“ ætti þjóðin að „taka afstöðu til þess í þjóðaratkvæðagreiðslu hvort taka skuli upp viðræður að nýju“.



**Ólafur Þ. Stephensen**

olafur@frettabladid.is

Stefna ríkisstjórnarinnar í þessu máli er ekki mjög skýr, en virðist innihalda að minnsta kosti þrjú atriði. Í fyrsta lagi að það sé voða erfitt að halda þjóðaratkvæðagreiðslu vegna þess að það gæti farið svo að þjóðin samþykkti að halda viðræðunum áfram, þvert á stefnu stjórnarflokkanna sem vilja ekki vera í viðræðunum. Eins og Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi forsætisráðherra, benti á í pistli sínum í Fréttablaðinu á laugardaginn, gætu ríkisstjórnir alltaf komið í veg fyrir þjóðaratkvæði ef mark væri takandi á þessum rökum.

Í öðru lagi virðist stjórnin þeirrar skoðunar að verði yfirleitt haldin þjóðaratkvæðagreiðsla eigi að gera það seint á kjörtímabilinu. Ráðherrarnir eru afskaplega „afslappaðir“ yfir tímasetningu þjóðaratkvæðagreiðslu og vilja bíða eftir niðurstöðu skýrslu sem á að vinna um hvort og hvernig ESB lifi af. Það er þeim þá í hag að það taki sem lengstan tíma að vinna þá skýrslu.

Í þriðja lagi – og það er kostulegast – hafa þrír ráðherrar haldið því fram að verði á annað borð haldin þjóðaratkvæðagreiðsla eigi ekki að spyrja hvort halda eigi aðildarviðræðunum áfram, eins og menn sögðu fyrir kosningar, heldur hvort fólk vilji ganga í ESB eða ekki. Gunnar Bragi var fyrstur til að viðra þessa hugmynd, næstur kom Illugi Gunnarsson og um helgina bættist forsætisráðherrann í hópinn. „Sú atkvæðagreiðsla ætti að sjálfsögðu að snúast um það hvort að menn vilji yfir höfuð ganga í Evrópusambandið eða ekki,“ sagði Sigmundur Davíð í fréttum RÚV.

Þetta er því miður bara enn ein taktík ríkisstjórnarinnar til að drepa þessu máli á dreif. Enginn ráðherranna hefur látið það fylgja sögunni hvernig þjóðin á að geta gert upp hug sinn til aðildar að ESB án þess að sjá aðildarsamninginn. Engin þjóð hefur greitt atkvæði um aðild að ESB án þess að gerð aðildarsamnings hafi verið lokið. Forystumenn ESB segjast reiðubúnir að finna lausnir á sérstöðu Íslands, meðal annars í sjávarútvegs- og landbúnaðarmálum. Hvernig á þjóðin að geta tekið afstöðu án þess að vita hverjar þær eru?

Þetta mál er ósköp einfalt. Það á að spyrja þjóðina hvort halda eigi aðildarviðræðunum áfram eður ei. Og það á að gera það sem fyrst, til dæmis í sveitarstjórnarkosningunum í vor. Þannig stendur ríkisstjórnin bæði við það sem forystumenn hennar sögðu fyrir kosningar og gætir hagsmuna Íslands með því að draga Evrópusambandið ekki of lengi á svari.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Þessir viðræðusinnar…**

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson sagði á RÚV í fyrradag að þjóðaratkvæðagreiðslur mætti halda oftar og að þær gætu nýst vel til að leiða hin ýmsu mál til lykta. Hann lofaði þjóðaratkvæði um framhald ESB-viðræðna en vill nú fremur spyrja þjóðina hvort Ísland eigi að ganga í ESB. Já, það ætti sannarlega að leiða málið til lykta að láta spyrja um annað en flestir gerðu ráð fyrir. Hann las áfram í stöðuna og benti á hóp „viðræðusinna“ sem vildu fyrst og fremst vera í viðræðum við ESB. Skemmtileg mynd sem forsætisráðherra dregur þarna upp af meirihluta þjóðarinnar sem, samkvæmt könnunum, vill klára aðildarviðræður og taka upplýsta ákvörðun á grundvelli samnings.



**Listinn og listin**

Stjórn RÚV opinberaði í gær lista yfir umsækjendur um stöðu útvarpsstjóra. Þar voru 40 nöfn á blaði, en eitt stóð þar upp úr, nafn Magnúsar Geirs Þórðarsonar, borgarleikhússtjóra sem er af mörgum talinn hafa flest það sem til þarf til að gegna þessu starfi, bæði menningarþáttinn og rekstrarþáttinn. Gott ef ekki gæti myndast nokkurs konar sátt um skipun hans.

**Viðbúinn, tilbúinn…**

Fleiri kunnugleg nöfn buðu fram þjónustu sína til að fylla í skarðið. Sum þeirra voru fyrirsjáanleg, líkt og Bjarni Guðmundsson, starfandi útvarpsstjóri, Stefán Jón Hafstein, sem hafði þegar sagst ætla að sækja um, Kolbrún Halldórsdóttir og Ólína Þorvarðardóttir. Þarna er hins vegar líka að finna Hrafn nokkurn Gunnlaugsson sem hefði ef til vill áður átt meiri möguleika, en óvæntustu tíðindin eru sennilega að Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrrverandi menntamálaráðherra, hafi ekki verið meðal umsækjenda. Einu má þó slá föstu (og á nú enska hugtakið *Spoiler-Alert* vel við) en það er að kynferði þess sem hnossið hreppir verður ofarlega í umræðunni fyrstu tvo dagana. Annað hvort mun umræðan snúast um að það hefði átt að ráða konu, eða þá að kona hafi bara verið ráðin af því að hún er kona. Bæði afbrigði eru hálfglötuð, en hið síðarnefnda þó sérstaklega.



**thorgils@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Færri súkkulaðikleinur

JAFNRÉTTI



**Hallbjörn Karlsson**

rekur fjárfestingafélag og situr í stjórn Haga og VÍS

Samkvæmt fréttum í gær er til umræðu að endurskoða lög sem tryggja jafnara kynjahlutfall í stjórnum stærri íslenskra fyrirtækja. Útgangspunkturinn í þeirri umræðu er oft á tíðum sá að lögin fjölgi óhæfum konum í stjórnum. Gefið er í skyn að í núverandi stjórnir íslenskra fyrirtækja, sem yfirgnæfandi eru skipaðar körlum, hafi valist einungis fólk vegna eigin verðleika og lögin umturni þessu.

Þetta er ekki rétt. Fullyrða má að allt of margir óhæfir karlar sitji í stjórnum fyrirtækja í dag. Þetta er vegna þess að á Íslandi búa jafnmargar konur og karlar. Og íslenskar konur eru jafnklárar íslenskum körlum. Væri valið úr slíkum hópi eingöngu á forsendum hæfis væru jafnmargar konur og karlar við stjórnarborðið.

Í dag eru konur 23 prósent aðalmanna í stjórnum á Íslandi. Árið 2009 var þetta hlutfall tíu prósent. Var eingöngu valið í stjórnir árið 2009 á forsendum hæfis? Líkurnar á því eru vitaskuld mjög nálægt núlli. Stór hluti þessara stjórnarmanna varð fyrir valinu í krafti kynferðis síns. Þeir eru súkkulaðikleinur eins og val á forsendum kynferðis var kallað í Fréttablaðinu í gær.

Lögunum er ætlað að breyta viðhorfi.

**➜ Lögin breyta vonandi hugarfari í sambandi við val stjórnarmanna með tíð og tíma. Þau munu fækka óhæfu körlunum í stjórnum og fjölga hæfu konunum.**

Þegar hugað er að því hvort tímabært sé að aftengja kröfuna um jafnt kynjahlutfall dugar að líta á nýlegt dæmi um skipan nefndar á vegum ríkisstjórnarinnar um afnám gjaldeyrishafta. Sú nefnd er skipuð átta körlum og engri konu. Fannst engin hæf kona á Íslandi til að taka þátt í þeirri vinnu? Það hljómar ósennilega. Líklegra er að karlar hafi skipað í nefndina. Karlar sem þekkja fleiri karla en konur. Í stað þess að leggja sig fram um að uppfylla lög um kynjakvóta í nefndum fólst lausnin í að nefndin er ekki nefnd. Hún er hópur.

Lögin breyta vonandi hugarfari í sambandi við val stjórnarmanna með tíð og tíma. Þau munu fækka óhæfu körlunum í stjórnum og fjölga hæfu konunum. Þess vegna eru þau nauðsynleg. Æskilegt er að lögunum verði haldið til streitu þar til raunveruleg breyting hefur átt sér stað þegar hugað er að vali á stjórnarmönnum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Ung, gröð og rík

HEILSA
Teitur Guðmundsson
læknir



> En að öllu gamni slepptu eru birtingarmyndir greddunnar býsna margar, og fer það svolítið eftir því hvort kynið um ræðir, og hvaða aldur. Ljóst er að allir hafa þessar kenndir og við stjórnumst að einhverju leyti af hvötum okkar. Hvötin til að stunda kynlíf er sterk og sumir segja að hún sé alltaf í huga okkar, allt frá kynþroska til elliára.

Ég ætla að taka félaga minn Gulla Helga á Bylgjunni á orðinu og fjalla um greddu í þessum pistli. Hann kastaði þessari laglínu fram í fyrirsögninni síðasta viðtals, en laglínan er úr laginu „Ung og rík“ eftir Pjetur Stefánsson. Lagið var býsna vinsælt árið 1985 þegar það kom út. Hægt er að hafa margar skoðanir á bæði texta lagsins og boðskap þess og ég ætla ekki að fara sérstaklega yfir það hér. Þó er ljóst að þegar rætt er um kynlíf, kynfæri og kenndir er þar augljóslega ennþá um ákveðið feimnismál að ræða fyrir flesta, enda líklega það sem við myndum túlka sem hvað mest „prívat“ í okkar lífi og við berum yfirleitt ekki á torg opinberlega.

**Kynfræðslu ábótavant**

Þetta eru þó allt eðlilegir hlutir í sjálfu sér og mikilvægt að við getum talað um þá án þess að roðna eða blikna, sérstaklega þegar kemur að fræðslu barna okkar og því að leiðbeina án þess að bæla tilfinningar í leiðinni. Kynfræðslu er ábótavant hérlendis, bæði fyrir þá sem eru að taka sín fyrstu skref sem og þá sem fullorðnir eru. Við þurfum að bæta okkur þar og víðar reyndar. Það hefur sýnt sig ítrekað undanfarin ár að við eigum mörg neikvæð met hvað kynlíf og kynhegðun snertir. Við byrjum einna yngst, eigum marga bólfélaga, notum smokkinn ekki markvisst og af því leiðir líklega líka að við erum með eina hæstu tíðni ákveðinna kynsjúkdóma í heiminum. Sennilega erum við bara heppin, miðað við hegðun okkar, að sumir kynsjúkdómar séu ekki algengari þrátt fyrir allt.

Ef við setjum staðreyndir íslensku þjóðarinnar í samhengi við texta lagsins þá eru Íslendingar sannarlega ein yngsta þjóð í heimi sé horft til aldurssamsetningar. Við virðumst vera graðari, ef taka á mark á fjölda bólfélaga, getinna barna og kynsjúkdómatíðni, og því erum við ein ríkasta þjóð í heimi í nánast öllum samanburði sem okkur getur dottið í hug. Heppin við?!

**Margar birtingarmyndir**

Í slangri er orðið gredda oft notað í jákvæðri eða neikvæðri merkingu. Orðið er sennilega náskylt orðinu gráðugur eða græðgi, sem var það sem kom okkur að einhverju leyti í koll fyrir nokkrum árum, ekki satt? Við ofmátum getu okkar og möguleika á að fullnægja öllum þeim sem við sænguðum með, þar með talið erlendum lánadrottnum. Kannski er dramb pínulítið samofið við slettu af minnimáttarkennd í þjóðarsálinni.

En að öllu gamni slepptu eru birtingarmyndir greddunnar býsna margar, og fer þar svolítið eftir því hvort kynið um ræðir, og hvaða aldur. Ljóst er að allir hafa þessar kenndir og við stjórnumst að einhverju leyti af hvötum okkar. Hvötin til að stunda kynlíf er sterk og sumir segja að hún sé alltaf í huga okkar, allt frá kynþroska til elliára. Siðferðisleg lögmál samfélags þess sem við lifum í hafa þó yfirhöndina og stýra því hvernig hún birtist. Okkur er kennt að fá útrás þessara hvata, með eða án annarra og vitaskuld með samþykki þeirra, og þá helst ekki mjög opinberlega. Þá er munur á samfélögum manna og dýra. Hugsið ykkur daglegt líf ef enginn myndi bæla og stýra kynhvöt sinni og hömlulaus girnd fengi að ráða för hvar og hvenær sem er, eða samfélag þar sem væri ákveðinn fengitími og þess á milli væri ekki stundað kynlíf.

**Notuð miskunnarlaust**

Það er stöðugt verið að skrifa bækur og gera kvikmyndir um slíkan veruleika, eða afbrigði hans, sem sýnir glöggt áhuga okkar á málefninu og viljann til að ganga lengra og lengra. Kynhvötin er notuð miskunnarlaust í auglýsingum, samanber það að auglýsa bíla eða slíkan varning með léttklæddum konum, eða vöðvastælta sveitta karlmenn drekka gos bera að ofan, að ekki sé minnst á tónlistarmyndböndin. Allt er þetta gert til að ýta undir hinar kynferðislegu hvatir, því þær eru svo sterkar að við látum plata okkur til neyslu. Sagði Gordon Gekko ekki „græðgi er góð!“, en spilaði svo rækilega rassinn úr buxunum? Með sama hætti má segja að gredda sé góð og eðlileg, svo lengi sem við njótum hennar og hún er ekki misnotuð í markaðslegu eða öðru tilliti.

## AF NETINU

### Þjórsárver: Flækja 22

Til að geta fjallað af viti um áform Sigurðar Inga Jóhannssonar um skerta friðlýsingu Þjórsárvera frá fyrri ákvörðun – totufriðlýsinguna – þurfa menn auðvitað að hafa kynnt sér nýjustu veituhugmyndir Landsvirkjunar á svæðinu.

En: Landsvirkjun vill ekki leyfa neinum að skoða veitu- og virkjunarhugmyndir sínar við Þjórsárver fyrren Sigurður Ingi Jóhannsson er búinn að skrifa undir totuna.

Þetta kom í ljós í svarbréfi Landsvirkjunar við beiðni minni frá föstudegi um að fá afhent þau gögn sem fyrir lægju um nýju tillögurnar:

„Í ljósi þess að Landsvirkjun er ekki búin að senda inn umræddar breytingar útfærslur er á þessu stigi ekki hægt að gefa nánari upplýsingar um afl virkjananna og flatarmál lóna en fram koma í 2. áfanga rammaáætlunar.

Varðandi Norðlingaölduveitu þá óskar Landsvirkjun eftir umfjöllun um hana í 3. áfanga rammaáætlunar með breyttri útfærslu, nýrri veituútfærslu. Unnið er að þessum útfærslum og liggja þær ekki fyrir og friðlandsmörkin eru auk þess ekki ákveðin.“

Sniðugt. Var kallað Catch 22 í frægri bandarískri skáldsögu frá miðri síðustu öld. Enn lengur hefur ásigkomulag af þessu tagi kennt við tékkneska rithöfundinn Franz Kafka.

http://blog.pressan.is/mordur/

*Mörður Árnason*





✝

Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**HAFSTEINN ÞORSTEINSSON**
**Björtuhlíð 5, Mosfellsbæ,**

lést sunnudaginn 5. janúar. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 17. janúar klukkan 13.00.

**Sigrún Óskarsdóttir**
**Hörður Hafsteinsson** **Þórunn Erla Guðmundsdóttir**
**Þorsteinn Hafsteinsson** **Marsibil Baldursdóttir**
**Sævar Hafsteinsson**
**Anna María Hafsteinsdóttir** **Einar Guðmundsson**
**Elsa Hafsteinsdóttir** **Einar Axel Kristinsson**
**Ægir Hafsteinsson**
**Hafsteinn Hafsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, sonar, tengdasonar og bróður,

**ÞORVARÐAR ELLERTS BJÖRNSSONAR**
**Funafold 101, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir fyrir góða og hlýja umönnum sendum við starfsfólki Heimahlynningar og líknardeildar í Kópavogi.

**Steingerður Steindórsdóttir**
**Atli Már Þorvarðarson** **Brynjar Smári Þorvarðarson**
**Inga Jóelsdóttir**
**Ágústa Anna Valdimarsdóttir**
**Sigrún Björk Björnsdóttir** **Guðrún Gerður Björnsdóttir**
**Guðjón Jóel Björnsson** **Ásgeir Björnsson**



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**KRISTÍN ÞORBJÖRG GÍSLADÓTTIR**
**hjúkrunarheimilinu Mörk,**
**áður Kristnibraut 51,**

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk, laugardaginn 4. janúar. Útför hennar fer fram frá Guðríðarkirkju, fimmtudaginn 16. janúar kl. 15.00.
Við þökkum starfsfólki á hjúkrunarheimilinu Mörk einstakan hlýhug og alúð í garð eiginkonu minnar. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Alzheimer-samtökin.

**Auðunn Ófeigur Helgason**
**Gísli Auðunsson**
**Helgi Rúnar Auðunsson** **Sigurbjörg Pálsdóttir**
**Valgerður Ósk Auðunsdóttir** **Guðmundur Gunnarsson**
**Auður Ósk Auðunsdóttir** **Sverrir Guðjónsson**
**Hjördís Auðunsdóttir** **Lýður Geir Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Okkar ástkæra eiginkona, móðir,
tengdamóðir og amma,

**MARTA ÞÓRÐARDÓTTIR**
**kaupkona í versluninni Valrós, Akureyri,**

lést miðvikudaginn 8. janúar. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 17. janúar kl. 10.30. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á líknar- og styrktarsjóð Oddfellowreglunnar á Akureyri.

**Kristján Viðar Skarphéðinsson**
**Jóhanna Kristjánsdóttir**
**Þórdís Björg Kristjánsdóttir** **Gunnar Sv. Friðriksson**
**Kristín Kristjánsdóttir** **Högni Róbert Þórðarson**
**og barnabörn.**



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

**PÉTUR PÉTURSSON**
**(PÉTUR FÆREYINGUR)**
**Garðbraut 85, Garði,**
**áður Kirkjuvegi 11, Keflavík,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, þriðjudaginn 7. janúar. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, föstudaginn 17. janúar kl. 13.00.

**Sigrún Pétursdóttir** **Jónatan Sigurjónsson**
**Sævar Pétursson** **Þurý Jónasdóttir**
**Pétur Þór Pétursson**
**Kristján Högnaberg Pétursson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**FRUMLEG VEISLA** Ragnar Ingi Aðalsteinsson heldur óvenjulega afmælisveislu á morgun.

# Ljóðabók gefin út í tilefni sjötugsafmælis

Ómar Ragnarsson, séra Hjálmar Jónsson og fleiri munu yrkja um Ragnar Inga Aðalsteinsson í sjötugsafmæli hans. Hann fagnar einnig starfslokum ásamt eiginkonu sinni.

Í tilefni af 70 ára afmæli Ragnars Inga Aðalsteinssonar, bragfræðings, kennara og hagyrðings með meiru, hafa vinir hans gefið út ljóðabók með úrvali ljóða eftir hann. Bókin kom í verslanir í gær, en Ragnar verður sjötugur á morgun. Vegleg veisla verður haldin í tilefni dagsins og Ragnar ætlar að fara nýstárlegar leiðir til að fagna afmæli sínu. „Veislan verður í raun hagyrðingamót. Þangað koma Ómar Ragnarsson fjölmiðlamaður, séra Hjálmar Jónsson dómkirkjuprestur, Bjarki Karlsson metsöluskáld og Helgi Siemsen hagyrðingur. Þeir ætla að yrkja eitthvað gáfulegt um mig,“ útskýrir Ragnar Ingi. Veislan fer fram í húsi menntavísindasviðs Háskóla Íslands, en Ragnar og kona hans, Sigurlína Davíðsdóttir, eru bæði að hætta að kenna við skólann. Tilefni veislunnar er því einnig að halda upp á þau tímamót. „Þetta er dálítið frumleg leið til þess að halda upp á afmælið sitt og fagna svona tímamótum. Þetta verður ábyggilega afskaplega gaman. Við hjónin ætlum líka að yrkja hvort um annað. Hún Sigurlína er mjög fær hagyrðingur,“ útskýrir Ragnar.

Ragnar, sem er frá Vaðbrekku í Hrafnkelsdal, segir að mikið hafi verið ort á heimili hans á uppvaxtarárunum. „Við erum níu systkinin og höfum öll ort ljóð. Ég hef nú gefið út átta ljóðabækur og tvær vísnabækur. Fyrsta ljóðabókin mín kom út árið 1974, þegar ég var þrítugur. Því fagna ég einnig fjörutíu ára útgáfuafmæli um þessar mundir,“ segir Ragnar Ingi.

Hann segir ákaflega gaman að hafa fengið hina nýju ljóðabók í hendurnar. „Þetta er ógurlega gaman. Bókin er svo falleg að utan. Ég hef sagt að fólk þurfi varla að hafa fyrir því að opna hana. Þetta er frábært framtak hjá vinum mínum. Þórður Helgason, vinur minn, skrifaði fallegan kafla um mig í bókina. Manni líður bara eins og alvöru skáldi. Þetta er allt svo voðalega virðulegt.“

Ragnar segist í raun ekki muna sérstaklega eftir einum afmælisdegi fremur en öðrum. Það sem standi upp úr er að hann hefur haldið upp á stórafmæli víðs vegar um heiminn. „Þegar ég var þrítugur hélt ég upp á afmælið mitt á Laugarvatni. Þegar ég var fertugur átti ég heima vestur í Dölum og hélt veisluna þar. Ég bjó í Chicago í Bandaríkjunum þegar ég varð fimmtugur og var svo kominn til Reykjavíkur þegar ég varð sextugur,“ segir Ragnar. Hann segir veruna í Chicago hafa verið stórskemmtilega. „Konan mín fór þangað í nám og ég þurfti að finna mér eitthvað að gera á meðan við bjuggum þarna. Eina vinnan sem ég fékk var að keyra út kínverskan mat. Það var mjög skemmtilegt starf og okkur leið vel í Chicago.“

**kjartanatli@frettabladid.is**

### ➜ Þetta hefur Ragnar Ingi ort á hagyrðingakvöldum

**Kynningarvísa**
Sem hagyrðingur fer ég vítt um Frón
Af fítonskrafti hræri ljóðsins strengi
Þess vegna sjá svo fáir að ég er flón
Þó fjölskyldan mín hafi vitað þetta lengi.

Svar við spurningunni um hvort leyfa ætti fjölkvæni:
Á minni leið um lífsins skóg
við leiða, þraut og pínu
á ég lengst af alveg nóg
með eina Sigurlínu.



✝

Okkar ástkæri,

**SIGURBJÖRN EIRÍKSSON**

lést 4. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug.

**Aðalheiður Stefánsdóttir**
**systkini hins látna og fjölskyldur þeirra.**



✝

Við þökkum hjartanlega öllum sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður og ömmu,

**SONJU SIGRÚNAR NIKULÁSDÓTTUR**
**Kaplaskjólsvegi 29.**

**Pétur Guðmundsson og fjölskylda.**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## FISKUR Á DISKINN

**Mælt er með að fólk borði fisk að minnsta kosti tvisvar í viku eða 300-450 g fyrir betri heilsu. Þar af ættu 200 g að vera feitur fiskur, til dæmis lax eða makríll. Fiskur er D-vítamínríkur en flestir fá of lítið af því vítamíni í kroppinn.**


www.fi.is

Fræðslu- og myndakvöld

Hvað höfum við lært af gosunum í Eyjafjallajökli og Grímsvötnum?
Fjallgöngur á Eyjafjallajökul, Hrútfjallstinda og Sveinstind í Öræfajökli



Í sal FÍ 15. janúar, kl. 20:00

Magnús Tumi Guðmundsson jarðeðlisfræðingur fræðir okkur um niðurstöður rannsókna á Eyfjallafjökuls- og Grímsvatnagosum

Að loknu kaffihléi munu tvíburarnir Ævar og Örvar Aðalsteinssynir ganga með okkur á Eyjafjallajökul, Hrútfjallstinda og Sveinstind í Öræfajökli

Aðgangseyrir kr. 600, innifalið kaffi og kleinur

Allir velkomnir!

FERÐAFÉLAG ÍSLANDS

Mörkinni 6 | 108 Reykjavík | S: 568 2533 | www.fi.is





SVO FLOTTUR !

teg Deco Honey
fæst í 32-38 D,DD,E,F

á kr. 9.980,-
buxur í stíl
kr. 3.990,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga
Laugadag opið frá kl 10-14

Vertu vinur



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT


# ÞARFTU HJÁLP?



**GENGUR VEL KYNNIR** *KONJAK er frábær hjálp í baráttunni við aukakílóin. Það inniheldur náttúrulegar trefjar sem hjálpa meltingunni og flýta fyrir þyngdartapi ásamt krómi sem hjálpar til við að slá á sætuþörfina.*

Átt þú í erfiðleikum með að koma þér af stað í átak? Þarftu að koma meltingunni í lag og létta sporin? KONJAK inniheldur náttúrulegu trefjarnar glucomannan sem eru þær fyrstu sem sérfræðingar EFSA (Matvælaöryggisstofnunar Evrópu) hafa viðurkennt sem fæðubótarefni sem raunverulega flýtir þyngdartapi.

Glucomannan-trefjarnar eru unnar úr konjak-plöntunni sem vex í Asíu. Þær eru vatnsuppleysanlegar og geta dregið til sín 2-300 falda þyngd sína af vatni.

Þegar töflurnar leysast upp í maganum myndast því massi sem fyllir upp í magann og flýtir fyrir seddutilfinningu og þess vegna getum við ekki borðað sama magn og áður. KONJAK jafnar einnig blóðsykur og hefur einstaklega góð áhrif á meltinguna.

### SLÆR Á SÆTUÞÖRF

Það er mikilvægt að borða reglulega og muna eftir millimáltíðunum. Ef ekki er borðað reglulega er hætta á að blóðsykurinn falli sem leiðir til þess að sætuþörfin tekur völdin. KONJAK inniheldur króm sem hjálpar til við að slá á sætuþörfina. Þegar KONJAK er notað samhliða léttu matarræði má auka þyngdartap um allt að 60%. Það þýðir að fyrir hvert kíló sem þú missir af eigin rammleik getur þú með hjálp KONJAK misst allt að 1,6 kg. Það skiptir miklu máli að fá hvatningu í þessu ferli og KONJAK virkar svo sannarlega hvetjandi.



### NOTKUN

**KONJAK**-töflurnar eru teknar inn 30 mínútum fyrir hverja af þremur aðalmáltíðum dagsins ásamt 1-2 glösum af vatni. Dagskammturinn er tvær töflur þrisvar á dag.

**KONJAK** fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Nánari upplýsingar á **www.gengurvel.is.**




**KONJAK**
Eykur þyngdartap um allt að 60%.




Stuðnings-stöngin

LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ

Yfir 8000 ánægðir notendur á Íslandi



Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir Iðjuþjálfarar, sjúkraþjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, 0–45° timbur/gifsloft.

Vilji
vilji.is
...léttir þér lífið
Sími 856 3451 • www.vilji.is

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Stillanleg frá 225–307 cm lofthæð, togátak allt að 205 kg.

Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum.


FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús
Ryðfríir neysluvatnshitarar með 12 ára ábyrgð
Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar
Við erum sérfræðingar í öllu sem viðkemur rafhitun.

Rafhitun
Kaplahrauni 19 • Hafnarfirði
Sími: 565 3265
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

ÚTSALA
40% afsláttur af fatnaði og skóm!

TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777


Við skutlum Júlíu heim
Birtingur treystir okkur fyrir öruggri dreifingu á Júlíu
Póstdreifing
Póstdreifing | Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | Sími 585 8300 | www.postdreifing.is




# VÍTT OG BREITT UM BLÆÐINGAR

**HEILSA** *Hjúkrun í fararbroddi er heiti ráðstefnu sem haldin verður á morgun, 15. janúar. Herdís Sveinsdóttir prófessor heldur meginerindið undir yfirskriftinni, Góðar og blessaðar tíðir: Um blæðingar kvenna og önnur kvennamál.*

Ráðstefnan er haldin á vegum Rannsóknarstofnunar í hjúkrunarfræði. „Hún ber upp á afmælisdag samstarfskonu okkar, doktor Guðrúnar Marteinsdóttur, sem lést aðeins 43 ára gömul úr krabbameini árið 1994. Ráðstefnan er tileinkuð Guðrúnu sem var dósent í Námsbraut í hjúkrunarfræði og ein af fyrstu fastráðnu kennurunum," segir Herdís Sveinsdóttir, prófessor í hjúkrunarfræði. Hún mun halda meginerindi ráðstefnunnar sem ber heitið Góðar og blessaðar tíðir: Um blæðingar kvenna og önnur kvennamál.

Herdís hefur skoðað blæðingar frá mörgum sjónarhornum og mun í fyrirlestrinum gefa gestum góða innsýn inn í rannsóknir og annað tengt málefninu. „Ég mun byrja á því að fara yfir merkingu titilsins, Góðar og blessaðar tíðir, hvaðan hann kemur og hvaða persónulegu skírskotun hann hefur. Þá mun ég segja frá þróun í rannsóknum á blæðingum frá 1960 og fram á þennan dag," segir Herdís, sem mun fjalla um rannsóknir um upphaf blæðinga, blæðingaskeiðið og tíðahvörfin.

Herdís segir rannsóknirnar að mestu snúast um Líffræði og afleiðingar blæðinga. „Persónulega hef ég þó meiri áhuga á upplifun kvenna af því að búa við blæðingar, hvaða skoðun við höfum á þeim og hvernig viðhorfið er til blæðinga í samfélaginu," segir Herdís sem mun líta til rannsókna á heimsvísu. „Ég fer líka inn á hvaða rannsóknir hafa verið gerðar hér á landi en þær eru ekki margar."

Herdís stendur nú sjálf fyrir rannsókn á landsvísu sem fjallar um viðhorf til blæðinga, sjálfshlutgervingu kvenna og hvernig þetta tengist. „Niðurstöðurnar eru ekki komnar en tveir nemenda minna forprófuðu spurningarnar á nemendum í hjúkrunarfræði í fyrravor og mun ég fjalla aðeins um niðurstöður úr þeirri könnun," segir Herdís sem varð hissa á niðurstöðum um undirbúning undir fyrstu blæðingu. „Tæpur helmingur sagðist hafa vitað lítið um blæðingar áður en þær byrjuðu," segir Herdís og telur spennandi að skoða betur hvað veldur. Þá hafi komið í ljós að viðhorf til blæðinga endurspegli oft hvernig viðkomandi horfi á eigin líkama.

Herdís mun einnig koma inn á þögg-unina sem oft ríkir kringum blæðingar. „Erlendar rannsóknir sýna að stór hluti stelpna felur blæðingar og talar ekki um þær opinskátt. Íslenskar rannsóknir á þessu efni eru ekki til en mikilvægt er að vita hvernig ungar stúlkur takast á við blæðingar," segir Herdís sem mun fjalla um af hverju. „Við vitum ekki hvað á við um Ísland, en gaman væri að komast að því"

■ starri@365.is

**PRÓFESSOR** Herdís Sveinsdóttir, prófessor í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands, fjallar vítt og breitt um blæðingar á ráðstefnunni Hjúkrun í fararbroddi sem fram fer í Stakkahlíð á morgun. MYND/GVA

## ÖLLUM OPIN

Ráðstefnan er haldin í Stakkahlíð og stendur frá 9 til 16. Dagskráin er öllum opin en þó þarf að skrá sig. Nánari upplýsingar er að finna undir viðburðum á www.hi.is.


Heyrðu umskiptin

Fáðu heyrnartæki til reynslu
Okkar markmið: Að allir íslendingar heyri vel.
HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
Hlíðasmári 11, Kópavogur - heyrn.is
Tímapantanir 534 9600
ReSound
"Tækin sem fá lífið til að hljóma eins og það er"

# BÍLAR

ÞRIÐJUDAGUR 14. JANÚAR 2014



# VERÐLÆKKUN BMW Á NÝJU ÁRI

## Þriðja kynslóð BMW X5 kynnt í Hörpu á föstudaginn og verður bíllinn boðinn á mjög samkeppnishæfu verði.

Það ætti alveg að vera hægt að selja 300 BMW bíla á Íslandi á hverju ári", sögðu þeir Vincent Resmann og Thomas Rinn, svæðisstjórar BMW í löndum Evrópu utan ESB. Þeir komu til landsins á föstudaginn síðasta til að afhjúpa þriðju kynslóð hins vinsæla jeppa BMW X5. Bíllinn var kynntur í Hörpu af BL að viðstöddu miklu fjölmenni og vakti aðdáun. Í samtali við þá yfirmenn hjá BMW sagði Thomas: „Sala BMW fór alveg niður í tíu BMW-bíla á ári fyrst eftir hrunið, en salan var um 80 bílar á nýliðnu ári og mun fara vaxandi." Sala í lúxusbílaflokki er í eðlilegu ári um 10% heildarbílasölunnar og við hjá BMW stefnum á hverjum markaði á þriðjung þeirra bíla. Ef það seljast á Íslandi 9.000 bílar á þessu ári, gæti sala á lúxusbílum verið um 900 bílar og stefnan er að BMW sé með um þriðjung þess. Það er ávallt markmið BMW, þ.e. að ná þriðjungi sölunnar af lúxusbílamarkaðnum. Við munum vinna þétt með BL til þess að af því geti orðið," sagði Thomas.

### Komum til móts við BL

„Við hjá BMW ætlum að koma til móts við BL, söluaðila BMW hérlendis, og bílakaupendur á Íslandi og bjóða BMW-bíla á einkar samkeppnishæfu verði í upphafi árs. BMW hefur aldrei haft breiðari línu af bílum til að bjóða hér, en að sjálfsögðu verður megináherslan lögð á X-línu okkar, þ.e. jeppa og jepplinga sem henta svo vel ykkar landi," sagði Vincent. „Einnig verður verð á fólksbílum okkar hagstætt, en svo virðist sem Íslendingar hafi einnig haft mikið dálæti á 3-línu og 5-línu BMW í gegnum tíðina. BMW mun kynna fjölmarga bíla á þessu ári, svo sem BMW 2 Active Tourer, X4-jepplinginn, talsverða breytingu á X1 bílnum, andlitslyftingu á X3 og glænýja M3 og M4 bíla sem einmitt verða kynntir fyrst í Detroit nú í vikunni. Þá eru rafmagnsbílarnir i3 og i8 að koma á markað á þessu ári og hver veit nema að þeir eigi mikið erindi til Íslands, en hvergi er rafmagn ódýrara en hér. Svo er Mini-merkið einnig hluti af BMW og aldrei að vita hvort Mini-bílar eigi ekki einnig erindi hingað," sagði Vincent enn fremur.

### BMW er stærsti framleiðandi lúxusbíla í heiminum

Þrátt fyrir að BMW eigi eftir að birta heildarsölu síðasta árs er nokkuð ljóst að fyrirtækið muni halda sæti sínu frá fyrra ári sem sá lúxusbílaframleiðandi sem selur flesta bíla í heiminum. BMW mun að vonum birta sölutölur sínar á bílasýningunni í Detroit sem hefst í þessari viku. Audi seldi 1,57 milljón bíla á síðasta ári og kemur næst BMW í þessum flokki, en Mercedes Benz seldi ríflega 1,4 milljón bíla á síðasta ári. Vincent Resmann sagði að annað markmið BMW væri að með auknum fjölda seldra bíla fylgdi samsvarandi hagnaður fyrirtækisins. Því væri ekki markmið í sjálfu sér að selja sem flesta bíla ef því fylgdi ekki að BMW hagnaðist ekki í samræmi við það.

### Bílarnir 27% ódýrari í BNA

„Audi er skæður keppinautur BMW og verðleggur sína bíla ávallt undir bílum okkar, en Mercedes Benz-bílar eru hins vegar verðlagðir hærra en okkar bílar," sagði Thomas. „Barist er hart á hverjum markaði og til marks um hve undarleg verðlagning getur oft verið, þá kosta bílar allra þriggja þýsku bílaframleiðendanna svo til jafn marga dollara í Bandaríkjunum og evrur í Evrópu. Það gerir bílana í Bandaríkjunum talsvert ódýrari en hinum megin Atlantshafsins. Þar sem dollarinn er nú um 117 íslenskar krónur en evran um 160 eru bílarnir 27% ódýrari í Bandaríkjunum. Baráttan þar vestanhafs milli BMW og Mercedes Benz var afar hörð síðasta ár vestanhafs hvað varðar fjölda seldra bíla og munaði ekki nema örfáum þúsundum. BMW vildi ekki taka þátt í þeirri verðlækkun sem Mercedes Benz bauð kaupendum og því varð Benz ofan á í fjölda, en forsvarsmönnum BMW var alveg sama þar sem verðlækkun hefði samræmst þeim hagnaðarforsendum sem BMW hefur.



ÖRUGGT START
MEÐ EXIDE RAFGEYMUM
Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.

Exide rafgeymarnir fást hjá:
EXIDE TECHNOLOGIES TRANSPORTATION
MAX1 BÍLAVAKTIN
olís
PIPAR\TBWA • SÍA • 131858










HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

| Mercedes-Benz | 2,1l DÍSILVÉL, 204 HESTÖFL<br>Fjórhjóladrif<br><br>Eyðsla 6,0l./100 km<br>í bl. akstri | Mengun 158 g/km CO2<br>Hröðun 9,0 sek.<br>Hámarkshraði 210 km/klst<br>Verð 10.690.000 kr.<br>Umboð Askja |
|---|---|---|



# MIKIÐ AF PLÁSSI OG HLAÐINN LÚXUS

## Sérlega góður akstursbíll sem tekið hefur gríðarmiklum framförum frá fyrri tveimur kynslóðum bílsins.

**MERCEDES BENZ ML250**
**Finnur Thorlacius** reynsluekur

Tilkoma ML-jeppa Mercedes Benz árið 1997 markaði tímamót bæði hjá Mercedes Benz og öllum lúxusbílaframleiðendunum. Hann var lúxusjeppanna fyrstur og keppinauturinn BMW X5 kom ári seinna. Nú er ML-jeppi Mercedes af þriðju kynslóð og var hún kynnt til sögunnar árið 2012. ML-jeppinn liggur í stærð á milli GLK-jepplingsins og stóra GL-jeppans. Fyrsta kynslóð ML-jeppans er líklega einna frægust fyrir það að vera hin mesta hrákasmíð og alls ekki sæmandi hinu virta merki Mercedes Benz. Gárungarnir sögðu að hann hefði verið meira á verkstæðum en í akstri og það virtist flest geta bilað í bílnum. Það hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan og er ML-jeppinn nú á hinum enda litrófsins, er vel smíðaður og hefur nú á sér allt aðra ímynd. Hann er enn smíðaður í Alabama í Bandaríkjunum en þar á bæ virðast menn hafa tekið sig verulega á í smíðinni. Prófaður var ML250 Bluetech á dögunum og reyndist sá reynsluakstur hinn ánægjulegasti.

### Merkilega dugleg lítil dísilvél

Mercedes Benz ML250 er með nettri fjögurra strokka dísilvél, aðeins 2,1 lítra en fjári öflug engu að síður. Hún er 204 hestöfl og með 500 Nm tog og fer bara nokkuð létt með þennan 2,15 tonna bíl. Hámarksafl næst strax við 1.600 snúninga og einhvern veginn er aldrei mikil þörf fyrir að láta hana snúast mikið meira en 2.000 snúninga. ML-jeppann má líka fá með 6 strokka vél sem er 258 hestöfl en þá er hann líka um tveimur milljónum dýrari. Það sem aðallega veldur því er að hann fellur í hærri vörugjaldsflokk. Vegna lítillar mengunar minni vélarinnar, eða aðeins 158 g/CO2, fær hann aðeins á sig 25% vörugjald sem heldur verði hans niðri. Askja býður ML-jeppann aðeins með þessum tveimur dísilvélum og líklega væru bensínútgáfur hans ótæpilega dýrar. Þar sem greinarritari hefur einnig prófað stærri dísilvélina er rétt að upplýsa að hún er mun þýðgengari og um leið hljóðlátari. Það verður ekki sagt um þá minni, þó hún skili ágætu afli. Eyðslan í reynsluakstrinum, sem aðallega var innan borgarmarkanna, var ávallt milli 10 og 11 lítrar en uppgefin eyðsla frá framleiðanda er 7,0 lítrar innanbæjar. Þarna munar heilmiklu, en því miður er svo alltof oft við reynsluakstur bíla þó svo ekki sé tekið ýkja hressilega á þeim.

### Frábær akstursbíll

Akstur bílsins kemur skemmtilega á óvart og verður ekki annað sagt en hér fari sérlega góður akstursbíll. Hann er aðdáunarvert stöðugur á vegi, sama hvert undirlagið er og gaman er að leggja mikið á hann í beygjum, sem ekki á nú við alla jeppa. Ekki er slæmt að vita af skrikvörninni í bílnum sem virkar einstaklega vel og því er nánast ómögulegt að fara sér að voða við aksturinn. Skrikvörnin kemur ljúflega inn og átakalaust, alveg eins og skrikvörn af bestu gerð á að gera. Sjálfskiptingin er mjög góð og fullnýtir afl vélarinnar. Fjöðrun bílsins virðist alveg frábærlega uppsett og fyrir vikið verður aksturinn eins og að svífa um á silkiskýi. Í raun er leit að öðru eins við akstur nokkurs jeppa. Ekki fékk bíllinn að finna fyrir miklum ófærum en víst er að með fullkomnum búnaði sínum og aðstoðarkerfum stendur hann sig vel og fer ágætum sögum af honum við erfiðari aðstæður. Stýrið er hæfilega létt og nákvæmt og eykur enn á ánægjulegan aksturinn.

### Gullfallegur að innan

Vel hefur heppnast til hjá Mercedes Benz með innréttingu þessa bíls. Það lekur af honum lúxusinn og efnisval og frágangur á öllu alveg til fyrirmyndar. Sætin öll eru mjög góð og setið er hátt í bílnum sem tryggir enn betra útsýni. Rafmagnsstillingar framsætanna eru alltaf dálítið sérstakar hjá Benz, eða í hurðunum, ekki í sætunum sjálfum. Útlit þeirra er sérlega laglegt og í heild mynda takkarnir útlit sætis, en það er óneitanlega skrítið að stilla sætin í hurðunum. Innanrýmið í ML bílnum er svakalega gott og hefur vaxið nokkuð milli kynslóða. Farangursrými er 690 lítrar og 2.010 lítrar ef aftursæti eru felld niður. Þessar tölur eru með þeim allra bestu sem bjóðast. Mercedes Benz ML-jeppinn fæst á grunnverðinu 10.690.000 krónur og er hann því ódýrastur þeirra bíla sem helst keppa við hann, þ.e. BMW X5, Audi Q7 og Porsche Cayenne. Hann er reyndar með aflminnstu vélina en það fæst mikið fyrir aurana við kaup á honum.

BÍLAR
www.visir.is/bilar

Umsjón blaðsins
Finnur Thorlacius
finnurth@365.is

Útgáfufélag
365 miðlar ehf.
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000

Auglýsingar
Sverrir Birgir Sverrisson
sverrirbirgir@365.is
Sími 5125432

Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is

**KEMUR Á ÓVART**
Afl fjögurra strokka vélarinnar
Hve stórt farangursrýmið er
Fegurð innréttingarinnar

- Hávær vél
- Langt frá uppgefinni eyðslu

- Aksturseiginleikar
- Innrétting
- Farangursrými









Greinilegt er að allt er mjög vel smíðað í þessum bíl og innréttingin með þeim fallegri.



## 22 milljónir bíla seldust í Kína

Aldrei hafa fleiri bílar selst í neinu landi á einu ári en í Kína í fyrra, eða 21,98 milljón bílar. Í fyrra seldust 17,93 milljónir bíla þar og það stefnir í 24 milljón bíla sölu í ár. Mjög stór hluti þeirra bíla sem seldust í Kína eru framleiddir af þýskum, bandarískum, japönskum, s-kóreskum og indverskum bílaframleiðendum en þó vex kínverskum bílaframleiðendum alltaf ásmegin. Kínverski bílaframleiðandinn BYD ætlar að hefja sölu bíla sinna í Bandaríkjunum á næsta ári og fleiri munu líklega koma í kjölfarið. Sala bíla í Kína hefur aukið á gríðarmikla mengun sem er í stærstu borgum landsins og hefur mengunin mælst allt að 40 sinnum meiri en alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) setur sem heilsuspillandi. Vart sést þar á milli húsa, en stóran þátt í þessari mengun eiga reyndar kolabrennsluorkuver.

*Er tímareimin komin á tíma?*
**Tímareimatilboð** í janúar og febrúar

bílaverkstæði VÉLALAND

Vélaland sérhæfir sig í tímareimum. Komdu í Vélaland og fáðu ráðgjöf um tímareimaskipti. Vélaland skiptir fljótt og vel um tímareimina fyrir þig, á föstu verði.

Verðdæmi um tímareimaskipti

Skoda Octavia 1,9 dísil. Árgerð 2004-2010
Heildarverð, varahlutir og vinna: 77.348 kr.
Tilboðsverð: 69.614 kr.

Hyundai Santa Fe 2,2l dísil. Árgerð 2006-2010
Heildarverð, varahlutir og vinna: 86.843 kr.
Tilboðsverð: 78.159 kr.

Subaro Legacy 2,0 4 ásar. Árgerð 2006-
Heildarverð, varahlutir og vinna: 98.020 kr.
Tilboðsverð: 88.218 kr.

Volkswagen Golf 1,6l. Árgerð 2004-
Heildarverð, varahlutir og vinna: 77.715 kr.
Tilboðsverð: 69.944 kr.

Chevrolett Lacetti 1,8l. Árgerð 2006-
Heildarverð, varahlutir og vinna: 63.620 kr.
Tilboðsverð: 57.258 kr.

Vara þessa tilboðs er eftirmarkaðsvara (non-OEM/ekki original)



*Gerðu verðsamanburð - Pantaðu tíma*

*Við erum á 3 stöðum!*

Við erum á Bíldshöfða 8, rétt hjá Mazda og Citroën.

Við erum í Jafnaseli 6, við hliðina á Krónunni og Sorpu.

Við erum í Dalshrauni 5, við hliðina á Actavis.

Vélaland: Bíldshöfða 8, Dalshrauni 5 og Jafnaseli 6 | sími 515 7170 | velaland@velaland.is



Það er alls ekki slæmt að rata alltaf á grænt ljós með nýrri tækni Audi.

# Audi ratar á grænu ljósin

Audi hefur hannað hugbúnað sem þeir kalla Traffic Light Assist sem hjálpar ökumönnum að halda jöfnum hraða á komandi grænt ljós í umferðinni. Búnaðurinn er með wifi-tengingu en treystir ekki á myndavélar. Í mælaborðinu birtist mynd sem sýnir hversu margar sekúndur líða þangað til grænt ljós tekur við af rauðu en búnaðurinn tengist upplýsingum frá umferðarljósunum. Búnaðurinn í Audibílunum tengist start/stop búnaði bílsins og bílarnir drepa á sér og starta þegar réttur tími er til að leggja af stað á grænu ljósi. Audi hefur prófað búnaðinn á Audi A6-bíl í umferðinni í Las vegas og virkaði hann einkar vel. Audi hefur einnig prófað þennan búnað í Ingolstadt, þar sem höfuðstöðvar Audi eru, og í Berlín. Þessi tækni er enn einn búnaðurinn sem minnkar eyðslu bíla og ef að líkum lætur mun sjást í fjöldaframleiddum bílum Audi á næstunni.

# Adam og Mokka hjálpa Opel

Tíðin hefur ekki verið of góð hjá þýska bílasmiðnum Opel á undanförnum árum, en nú virðist rofa til með nýjum bílgerðum. Smábíllinn Opel Adam og jepplingurinn Mokka virðast ætla að skora hátt fyrir Opel og seljast þeir báðir mjög vel. Þessir tveir bílar lyftu Opel upp í markaðshlutdeild í Þýskalandi í fyrra, en það hefur ekki gerst lengi. Fór hlutdeild Opel úr 6,9% í 7,0%. Sama á við um hlutdeild Opel í Evrópu allri, en hún hækkaði úr 5,59% í 5,61%. Þetta eru ekki miklar hækkanir, en vissulega spor í rétta átt hjá fyrirtæki sem hefur þurft að horfa á minnkandi hlutdeild á síðustu árum. Opel Adam seldist í 21.000 eintökum bara í Þýskalandi og var það vel umfram áætlanir. Opel er í eigu General Motors í Bandaríkjunum og þessi ágæti árangur gæti minnkað það viðvarandi tap sem verið hefur á bílasölu GM í Evrópu, sem varð til þess að GM ákvað að draga merki Chevrolet frá álfunni.



Opel Adam seldist eins og heitar lummur á síðasta ári.



General Motors slátraði Pontiac, Hummer og Saturn en hélt lífi í Buick.

# Buick aldrei selt fleiri bíla

Ef einhver hafði efasemdir um af hverju General Motors hélt lífi í Buick-merkinu á meðan fyrirtækið slátraði Pontiac, Hummer og Saturn þarf bara að horfa á sölutölurnar fyrir nýliðið ár. Buick seldi 1,03 milljónir bíla og hefur aldrei selt fleiri bíla. Það skrítna við þessa góðu sölu er að 78,5% sölunnar er í Kína og restin að mestu í Bandaríkjunum. Þó selur Buick einnig bíla í Kanada og Mexíkó en salan í þeim tveimur löndum nær aðeins 1,6% af heildarsölunni. General Motors er stærsti erlendi bílasalinn í Kína og á Buick-merkið stóran skerf í velgengni GM þar. Söluaukning Buick í Kína nam 15,7% og 13,9% í Bandaríkjunum. Heildaraukning í sölu Buick á árinu nam 15,4%.




0 KR. ÚTBORGUN

**Losnaðu við vesenið með langtímaleigu AVIS**

Langtímaleiga AVIS er þægilegur, sveigjanlegur og umfram allt skynsamlegur kostur þegar kemur að rekstri bifreiða. Í langtímaleigu fæst nýr eða nýlegur bíll, engin útborgun, tryggingar innifaldar, engin endursöluáhætta og ekkert vesen við dekkjaskipti, olíuskipti eða smáviðhald.




AVIS bílaleiga sími **591 4000 - avis.is**

AVIS®

# HANDTÍND OG BRAGÐGÓÐ HOLLUSTA

**CORE KYNNIR** *Nýju safarnir frá Cawston Press eru ferskustu drykkirnir sem í boði eru á markaðnum í dag. Þeir byggja allir á nýtíndum eplum og fást í nokkrum bragðtegundum. Drykkirnir hafa hlotið fjölda gullverðlauna undanfarin ár.*

Nýlega hóf heilsufyrirtækið Core ehf. innflutning á ljúffengum hollustudrykkjum frá breska framleiðandanum Cawston Press. Fyrirtækið hefur framleitt holla og bragðgóða drykki í rúmlega aldarfjórðung sem allir byggja á nýtíndum og ferskum eplum. Fyrst um sinn geta landsmenn keypt þrjár bragðtegundir af djúsi og tvær af djúsgosdrykkjum að sögn Kamillu Sveinsdóttur, markaðsstjóra Core. „Við hófum sölu á drykkjunum í síðustu viku og þeir hafa fengið mjög góð viðbrögð meðal viðskiptavina okkar.

Fyrst um sinn bjóðum viðupp á fimm bragðtegundir og svo er markmiðið að auka úrvalið jafnt og þétt næstu mánuðina."

Undirstaða allra drykkja frá breska fyrirtækinu eru nýtínd og fersk epli að sögn Kamillu. „Við erum ekki að tala um eina eplategund heldur notar Cawston Press nokkrar eplategundir, til dæmis Bramley og Jonagold auk fleiri tegunda. Þannig ná þeir að búa til þessa ljúffengu og þéttu blöndu af eplasafa sem hefur unnið til ótal verðlauna undanfarin ár. Hér er því ekki um eplaþykkni að ræða."




## VERÐLAUNADRYKKIR

Drykkirnir frá Cawston Press hafa meðal annars unnið til gullverðlauna á „Great Taste Awards" árin 2010, 2011, 2012 og 2013 en hátíðin er nokkurs konar Óskarsverðlaunahátíð matarheimsins. „Lykillinn að ferskleikanum er að eplin eru handtínd og pressuð um leið og þau koma af trjánum. Þeim er því ekki hent inn í vöruhús og geymd þar eins og svo algengt er hjá öðrum framleiðendum."

Safarnir sem fást í dag eru epladrykkur með engifer, epladrykkur með rabarbara og rauðrófusafi. „Cawston-rauðrófusafi er stútfullur af næringarefnum eins og C-vítamíni, fólínsýru, járni, magnesíumi, kopar, kalíumi, mangani, fosfór, trefjum, andoxunarefnum og nítrötum. Í rannsóknum hefur verið sýnt fram á að rauðrófusafi getur haft góð áhrif til lækkunar háþrýstings og eflingar hjartaheilsu. Þannig getur eitt glas af rauðrófusafa jafnvel haft meiri áhrif á blóðþrýsting heldur en háþrýstingslyf." Cawston Press-safarnir fást bæði í eins lítra fernum og 330 ml fernum. Í stærri fernunni eru tíu nýpressuð epli og safarnir innihalda engan viðbættan sykur.

## HENTAR ÖLLUM

Tvær tegundir djúsgosdrykkja eru fáanlegar, annar með epla- og rabarbarabragði og hinn er engiferdrykkur með smá chili-bragði sem rífur í. „Seinni drykkurinn hefur sérstaklega fengið góð viðbrögð enda rosalega góður og ferskur drykkur. Hann fór í sölu í Bretlandi árið 2013 og vann strax til verðlauna." Báðir djúsgosdrykkirnir fást í 330 ml glerflöskum.

Drykkirnir frá Cawston eru þeir ferskustu sem í boði eru á markaðnum í dag segir Kamilla. „Þeir henta öllum aldurshópum, frá litlu krílunum okkar og alveg upp úr. Þeir styrkja ónæmiskerfið og eru bráðhollir og góðir."

Cawston-drykkirnir fást í öllum verslunum Bónus.




NÝ sending frá Basler! BASLER



Útsala í fullum gangi! Hægt að gera góð kaup á vandaðri vöru

Vertu velkomin! Sjáðu myndirnar
á facebook.com/Parisartizkan!

BASLER Parísar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770

## BÍLAR & FARARTÆKI

Bílalíf



NISSAN PATROL 3.0 ELEGANCE. Árg.2005,ekinn 142.þ km, dísel,sjálfskiptur,er á staðnum.Verð 2.990.000.Rnr.390074. S:562-1717.



**TILBOÐ 990.000.-**
SKODA OCTAVIA AMBIENTE COMBI 4X4.Árg.2005,ekinn 138.þ km,bensín,5 gírar,er á staðnum,100 % lán mögulegt. Rnr.351001.S.562-1717.

**Bílalíf**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18**
**www.bilalif.is**

bilfang.is S.567 2000



**GOTT VERÐ !**
Subaru Legacy Sport Wagon 07/2008 GOTT EINTAK 5 gira ek 113 þ.km verð 1890 þús !!!

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



MERCEDES BENZ E 250 cdi 4matic. Árgerð 2013, ekinn 8 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 9.490.000. Rnr.111079.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

STÓRA BÍLASALAN



HONDA Civic. Árgerð 03/2011, ekinn 22 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Flott eintak sem er á staðnum. Verð 2.750.000.- Rnr.155565

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



NISSAN Qashqai+2 se. Árgerð 2011, ekinn 66 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.390.000. Rnr.160369.



OPEL Antara dísel. Árgerð 2008, ekinn 113 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.990.000. Rnr.160679.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

bilauppbod.is

**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

### Bílar til sölu



**DIESEL PAJERO 235PÚS !**
MMC Parjero diesel 2,5 árg.'96, sk. ,14 Beinsk. krókur. Tilboð 235þús. S. 891 9847.



Lexus LS 430 V8 President. árg.2001 Ek:140.000 km. Ný heilsársdekk, nýtt í bremsum. Mjög góður bíll með öllu V. 1.5mkr. S. 696 2336.

TIL SÖLU TOYOTA LAND CRUSIER 90, árgerð 1997. Ekinn c.a. 321.000 Bílinn er sjálfskiptur, blár á litinn og 8 manna. Verð 850.000. Tveggja vetra nagladekkja gangur á felgum fylgir. Áhugasamir hafi samband við Hafdísi í síma: 6619616

Til sölu Toyota Yaris, svartur ,09, ekinn 76 Þ., sjálfskiptur. Verð: 1.690 þ. S: 557 9435.

Nissan sunny, sjálfskiptur, ek. 90þ. km. V. 199þ. Skoðaður 2015.S:616 2597.

### 250-499 þús.



**ÚTSALA 290 ÞÚS!**
Citroen Xsara Picasso 1,8 árg'00 skoðaður 14, beinskiptur, mjög rúmgóður bíll sem eyðir litlu, verð áður 480 þús LÆKKAÐ TILBOÐSVERÐ 290 ÞÚS möguleiki á 100% vis/vero s.841 8955



**RÚMGÓÐUR SPARIBAUKUR 290 ÞÚS!**
DAIHATSU GRAND MOVE WAGON CX 1,6 árg'2000 ek.169 þús, beinskiptur, skoðaður, sumar og vetrardekk, vel með farinn bíll sem er mjög rúmgóður og eyðir litlu verð 290 þús möguleiki á 100% visa s.841 8955



**GÓÐUR SJÁLFSKIPTUR Á TILBOÐI!**
FORD MONDEO GHIA 2.0 árg' 2002 ek.120 þús, með tímakeðju, sjálfskiptur, skoðaður, álfelgur kastarar ofl. virkilega góður akstursbíll! ásett verð 790 þús TILBOÐ 450 ÞÚS möguleiki á 100% láni visa/euro s.841 8955



Opel astra 1.2 árg. ,03 ekinn aðeins 80 þús, ný heilsársdekk, beinsk., 3ja dyra. Verð 490þús Uppl. í s. 698 0763

### 500-999 þús.



**SPARNEYTINN GÓÐUR BÍLL**
Citroen C3 árg ,03 ekinn aðeins 98þús km. ný skoðaður 2015. 5 dyra. bsk. nýleg vetrardekk. nýleg tímareim. smurbók. eyðsla aðeins ca 6L/100km. mjög gott viðhald. Tilboðsverð aðeins 550þús. möguleiki á 100% visa/euro láni. uppl í s:659-9696

### Bílar óskast



**STAÐGREIÐI BÍLA 0-300 ÞÚS!**
Óska eftir að kaupa bíla á allt að 300 þús. staðgreitt! Peir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ,01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

**0-250 STAÐGREITT**
Vantar bíl á verðinu 0-250. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 857 9326.

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ 500 ÞÚS.STGR!!**
Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 500þús. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

### Hjólbarðar

Góð Vetrardekk til sölu 14 tomma 175/65 4 stk á 19.900 S:512-5429

### Varahlutir

**ÓDÝRIR BÍLAVARAHLUTIR.**
Ódýrir varahlutir og dekk í ýmsa bíla s: 896 8568.

### Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852.

## ÞJÓNUSTA

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**
25% vetrarafsláttur af öllum mælingum. Frítt verðtilboð. S. 778 0100.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald




**NÝBYGGINGAR**
Byggingastjóri/ Húsasmíðameistara
Mótauppsláttur og nýbyggingar. Erum með steypumót og það sem til þarf. Föst verð.
**Uppl. Páll s 840-6100**

Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratuga reynsla. S. 867 7753.

### Tölvur

Allar almennar tölvuviðgerðir og vírushreinsanir. Kem á staðinn. S. 699 6735 Baldvin.

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

### Spádómar

**908 1888 SPÁSÍMI DADDÝAR**
Alla virka daga frá kl. 18-22.

### Rafvirkjun




**AH-RAF**

Dyrasímakerfi, töfluskipti og öll almenn raflagnavinna. Tilboð/ tímavinna arnar@ahraf.is Arnar s: 897-9845.

### Trésmíði

**INNRETTINGAR.IS**
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

## KEYPT & SELT

### Til sölu

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Ísskápar, þvottavélar, uppþvottavélar, þurrkara, örbylgjuofnar og fleira. S: 896 8568.

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**


reddot design award
product design



**Nettir og liprir rafmagnstjakkar á frábæru verði**
Tegund: EP • Lyftigeta: 1.500 kg • Þyngd: 205 kg
Viðhaldsfrí rafhlaða • Innbyggt hleðslutæki
**Verð: kr. 470.000 + vsk.**

VB VÖRUMEÐHÖNDLUN ehf. VB Material Handling ltd.
vbvorumedhondlun.is
**Járnháls 2-4**
**110 Reykjavík**
**Sími: 414-8600**

## Vélar og verkfæri

Sundmagavél til sölu. Vélin sker sundmaga og fisklundir frá fiskhryggjum. Uppl. í síma 6625020

## Verslun




# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## Þjónusta



**DÁLEIÐSLA - EFT**
Einkatímar, reykstopp með árangri, sjálfsefling , losun streitu og kvíða Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT. Áratuga reynsla í mannrækt S: 694 5494 www.theta.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Heimilistæki

32'' flatskjár til sölu. Verð 35 þús. Uppl. í síma 867 7105.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**LMH.IS**
Leigumiðlun Hafnarfjarðar
517-0150
Vantar íbúðar og atvinnuhúsnæði á leiguskrá, upplýsingar í síma 517-0150.

Hfj 220. Forstofu herb., fyrir einstakling. Laust strax. Snyrting m/ sturtu. S. 694 1331 & 564 3569

Glæsileg nýuppgerð 88fm 3ja herbergja íbúð á Snorrabraut, stórar svalir, langtímaleiga, laus 1.febrúar. Verð 189 þús. Uppl. e.kl.17.00 í síma 824 6692.

## Húsnæði óskast

Óska eftir 5 herbergja íbúð eða húsi á sv. 112 til leigu. Skilvísum greiðslum heitið Uppl. Í síma 772-6658

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**PYLSUVAGNINN Í LAUGARDAL**
Leitum að duglegu og jákvæðu fólki Hæfniskröfur: Jákvæð framkoma, starfsgleði og snyrtimennska. Góð íslenskukunnátta. 18 ára og eldri.
**Umsóknir sendast á: pylsuvagninn@gmail.com**

## Atvinna óskast

Smíður getur bætt við sig: glerjun og gluggaviðgerðir, parketlagning og allskonar viðhald á byggingum, áratuga reynsla. Sími: 777 0709

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**STEFNUMÓT? SKYNDIKYNNI**
Auglýstu frítt í síma 535-9923. Símastefnumót Rauða Torgsins Símastefnumót.is

Djarft ísenskt samfélag á netinu, ókeypis eða í áskrift. Frítt vídeóspjall. EroticAria.eu

---

Stakfell
:: 535_1000
**Grétar Haraldsson**
Hrl. Lögg.fast.fyrirt.og skipasali
**Aðalheiður Karlsdóttir**
Lögg.fast.fyrirt.og skipasali

**Fasteignasala . Íbúðarhúsnæði . Skúlatún 2 . 105 Rvk**

### Þorrasalir 9, íbúð 101.




**OPIÐ HÚS MIÐVIKUDAGINN 15. JANÚAR FRÁ KL 17:00 - 17:30**
Frábært óhindrað útsýni yfir golfvöll GKG.
Glæsileg 148.1 fm íbúð á jarðhæð í vönduðu lyftuhúsi.
Eignin skiptist í hjónaherbergi með innbyggðu fataherbergi, tvö svefnherbergi, tvö baðherbergi og þvottahús. Stofa og borðstofa eru samliggjandi ásamt eldhúskrók. Stór timburverönd til suðurs með frábæru útsýni. Kjörin staðsetning fyrir áhugafólk um útivist, golf eða hestamennsku.
**Afhending í febrúar 2014.**
**SÖLUMAÐUR Á STAÐNUM, VERIÐ VELKOMIN**

---

Efling – stéttarfélag
## Félagsfundur

EFLING STÉTTARFÉLAG

Félagsfundur Eflingar-stéttarfélags verður haldinn miðvikudaginn 15. janúar 2014.

Fundurinn verður haldinn á Grand Hótel Reykjavík, salnum Gullteigi A.
Fundurinn hefst kl. 18:00

Á dagskrá fundarins eru eftirfarandi mál.

1. Kjarasamingur Eflingar frá 21. janúar s.l.
2. Önnur mál

Félagar fjölmennið.

Stjórn Eflingar-stéttarfélags

---

## Verkalýðsfélagið Hlíf
Reykjavíkurvegi 64 - 220 Hafnarfjörður - Sími 510 0800 - Fax 510 0809 - Netfang hlif@hlif.is

## Félagsfundur

**Fundur verður haldinn miðvikudaginn 15. janúar 2014. kl 17:30 í Félagsheimili Vlf. Hlífar að Reykjavíkurvegi 64, Hafnarfirði**

**Dagskrá:**

1. **Kynning á nýjum kjarasamning á almennum markaði.**
2. **Önnur mál.**

Félagsmenn eru hvattir til að mæta og kynna sér efni nýrra kjarasamninga.

***Mætum stundvíslega.***

**Stjórn Vlf. Hlífar**

---

## FÉLAGSFUNDIR

MATVÍS

MATVÍS verður með félagsfund á Akureyri og í Reykjavík :

**Akureyri á Hótel KEA þriðjudaginn 14. janúar kl. 16:00**
**Reykjavík Stórhöfða 31 miðvikudaginn 15. janúar kl. 16:00**

**Dagskrá:**
1. Nýgerðir kjarasamningar kynning og umræður.
2. Íslandsmót iðngreina
3. Önnur mál

Félagsmenn eru hvattir til þess að mæta á fundina til þess að fá frekari útskýringar á kjarasamningunum og þeirri aðferðafræði sem ætlunin er að nota í samningagerðinni í framtíðinni.

---




GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
holl og góð
fæða stuðlar
að líkamlegu heilbrigði
sem börn
eiga rétt á

Fasteignir.is
-Nú með Fasteigna-App
Fáðu Fasteigna-Appið í símann þinn!
- Nýjar og skemmtilegar leiðir til að leita að fasteignum í símanum
- Allar eignir sem eru til sölu og leigu á Íslandi
- Myndir af eignum koma upp í símann þinn ásamt upplýsingum um opin hús
- Nákvæm leiðarlýsing

vísir.is






KL. 21:30 GIRLS
Þriðja gamanþáttaröðin um vinkvennahóp á þrítugsaldri sem búa í draumaborginni New York.

# Skemmtilegt þriðjudagskvöld

KL. 19:40
NEW GIRL
Frábærir gamanþættir sem fjalla um Jess og þrjá skemmtilega en ólíka sambýlismenn hennar.


KL. 20:05
MIKE & MOLLY
Skemmtileg gamanþáttaröð um turtildúfurnar Mike Biggs og Molly Flynn.


KL. 20:25
THE BIG BANG THEORY
Stórskemmtilegur gamanþáttur um ofurnördana Leonard og Sheldon.


KL. 20:50
THE MENTALIST
Sjötta þáttaröðin um Patrick Jane sem er ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu.


Krakkastöðin KL. 07:00-20:30
Barnaefni alla daga
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.


3 KL. 20:25
PRETTY LITTLE LIARS
Fjórar vinkonur þurfa að snúa bökum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál.


Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is **6 stöðvar aðeins 7.990 kr.**




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | 2 | 3 | 5 | | | | 7 |
| 3 | | 8 | 4 | | | 9 | | |
| | | | 8 | | | | 3 | 5 |
| | | 9 | | 2 | | | 5 | 3 |
| | | | | | 5 | 7 | | 8 |
| | | 3 | 6 | 4 | | | | 1 |
| 2 | | | 7 | 1 | 4 | 8 | | |
| 6 | | | | | | | | 4 |
| 7 | | | 5 | | | | 1 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 9 | | 6 | | | | 8 |
| 2 | | | 7 | | | | | |
| 3 | 6 | | | 9 | 2 | | | |
| | 1 | | 9 | | 7 | | | 4 |
| 6 | 7 | 8 | 1 | 2 | | 5 | 9 | |
| | 9 | | | | 6 | 7 | | |
| | 2 | | | | | | 6 | |
| | | | | 7 | | | 1 | |
| | 4 | | | | 1 | 8 | 5 | 7 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | 8 | 3 | | 6 | | |
| | 6 | 3 | 4 | | 9 | | 7 | |
| | 9 | | | | 2 | | 8 | 3 |
| 5 | 8 | | 9 | | | | | |
| | | | | 4 | | | | 6 |
| | 2 | | 1 | | | | 4 | 9 |
| 7 | 3 | | | | | | | |
| 9 | | | | | | 1 | | |
| | | | | | | | 6 | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 1 | 4 | 5 | 9 | 8 | 6 | 2 |
| 4 | 5 | 2 | 6 | 7 | 8 | 3 | 9 | 1 |
| 6 | 8 | 9 | 3 | 1 | 2 | 4 | 7 | 5 |
| 5 | 1 | 4 | 9 | 3 | 7 | 6 | 2 | 8 |
| 2 | 9 | 8 | 5 | 4 | 6 | 1 | 3 | 7 |
| 7 | 3 | 6 | 2 | 8 | 1 | 9 | 5 | 4 |
| 1 | 4 | 3 | 7 | 6 | 5 | 2 | 8 | 9 |
| 8 | 2 | 7 | 1 | 9 | 3 | 5 | 4 | 6 |
| 9 | 6 | 5 | 8 | 2 | 4 | 7 | 1 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 7 | 3 | 6 | 9 | 8 | 1 | 2 | 5 |
| 1 | 9 | 5 | 7 | 2 | 4 | 8 | 3 | 6 |
| 8 | 2 | 6 | 3 | 5 | 1 | 9 | 4 | 7 |
| 6 | 8 | 1 | 4 | 7 | 2 | 5 | 9 | 3 |
| 9 | 4 | 7 | 5 | 8 | 3 | 6 | 1 | 2 |
| 3 | 5 | 2 | 9 | 1 | 6 | 7 | 8 | 4 |
| 5 | 6 | 8 | 2 | 4 | 9 | 3 | 7 | 1 |
| 2 | 3 | 9 | 1 | 6 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 7 | 1 | 4 | 8 | 3 | 5 | 2 | 6 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 7 | 2 | 8 | 9 | 6 | 4 | 1 | 3 |
| 8 | 6 | 3 | 1 | 2 | 4 | 7 | 9 | 5 |
| 9 | 4 | 1 | 3 | 5 | 7 | 2 | 6 | 8 |
| 6 | 9 | 7 | 5 | 1 | 2 | 3 | 8 | 4 |
| 4 | 3 | 5 | 9 | 6 | 8 | 1 | 7 | 2 |
| 1 | 2 | 8 | 7 | 4 | 3 | 6 | 5 | 9 |
| 7 | 5 | 6 | 2 | 3 | 9 | 8 | 4 | 1 |
| 2 | 8 | 9 | 4 | 7 | 1 | 5 | 3 | 6 |
| 3 | 1 | 4 | 6 | 8 | 5 | 9 | 2 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Ég efast ekki um að ég hafi átt óvini mína skilið en ég trúi því ekki að ég hafi átt vini mína skilið.“**

*Walt Whitman*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT 2.** gas, **6.** pfn., **8.** blása, **9.** gogg, **11.** Mun, **12.** sljóvga, **14.** yfirstéttar, **16.** pot, **17.** gagn, **18.** lyftist, **20.** peninga, **21.** hvæs.

**LÓÐRÉTT 1.** stjórnarumdæmis, **3.** hola, **4.** pensilín, **5.** vefnaðarvara, **7.** matarlím, **10.** óvild, **13.** vöntun, **15.** bakhluti, **16.** hluti verkfæris, **19.** sjó.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** loft, **6.** ég, **8.** púa, **9.** nef, **11.** ku, **12.** slæva, **14.** aðals, **16.** ot, **17.** nyt, **18.** rís, **20.** fé, **21.** fnæs.
**LÓÐRÉTT: 1.** léns, **3.** op, **4.** fúkalyf, **5.** tau, **7.** gelatín, **10.** fæð, **13.** van, **15.** stél, **16.** orf, **19.** sæ.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Dagur Ragnarsson (2073) vann laglegan sigur á Birni Hólm Birkissyni (1593) í 2. umferð Skákþings Reykjavíkur.**

**Svartur á leik**



**20...Hxa3! 21. Kxa3 Dxb4+ 22. Kb2 Da3+! 23. Kc3 Bb4+ 24. Kc2 Da2+ 25. Kc1 Ba3+ 26. Kd1 Dxb3+ 31. Kd2 Bb4+ 28. Kc1 Dc3+ 29. Kb1 Dd3+ 30. Kb2 Bc3+ 31. Kb3 Ra5+** og það styttist í mátið. Sex skákmenn hafa fullt hús eftir þrjár umferðir.
**www.skak.is** Tata Steel-mótið hafið.

# ÚTSALA

## ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

**YAMAHA HLJÓMTÆKI MEÐ ALLT AÐ 280.000 KR. AFSL.**

**LG SJÓNVÖRP MEÐ ALLT AÐ 300.000 KR. AFSL.**

| | | |
|---|---|---|
| 42" 3D SNJALLSJÓNVARP | 40" Full HD LED SJÓNVARP | 46" SNJALLSJÓNVARP |
| FULLT VERÐ 279.990 | FULLT VERÐ 124.990 | FULLT VERÐ 169.990 |
| TILBOÐ 169.990 | TILBOÐ 99.990 | TILBOÐ 139.990 |
| LG AFSL. 110.000 | TOSHIBA AFSL. 25.000 | THOMSON AFSL. 30.000 |
| 32" LED SJÓNVARP | 50" Full HD LED SJÓNVARP | 55" ULTRA 4K SJÓNVARP |
| FULLT VERÐ 99.990 | FULLT VERÐ 239.990 | FULLT VERÐ 499.990 |
| TILBOÐ 64.990 | TILBOÐ 179.990 | TILBOÐ 349.990 |
| THOMSON AFSL. 15.000 | Panasonic AFSL. 60.000 | THOMSON AFSL. 150.000 |

JBL hátalarar með allt að 100.000 kr. afslætti

iPad og iPhone vöggur með allt að 60% afslætti

Olympus myndavélar með allt að 25% afslætti

Tasco sjónaukar með allt að 50% afslætti

YAMAHA KENWOOD PHILIPS JVC Panasonic GRUNDIG INTENSO UNITED

harman/kardon JBL OLYMPUS Dantax tasco Nikon SanDisk enox. LG

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18 OG LAUGARDAGA 11-16 | SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR



**ÚR SÝNINGUNNI** Ólafur Darri og Hildur Berglind í hlutverkum sínum.

# Góður Hamlet í gallaðri sýningu

LEIKLIST ★★☆☆☆

### Hamlet eftir Shakespeare í Borgarleikhúsinu

**Leikstjórn:** Jón Páll Eyjólfsson
**Aðstoðarleikstjóri:** Jón Atli Jónasson
**Leikmynd:** Ilmur Stefánsdóttir
**Búningar:** María Ólafsdóttir
**Lýsing:** Björn Bergsteinn Guðmundsson
**Tónlist:** Úlfur Eldjárn
**Hljóð:** Baldvin Magnússon
**Leikgervi:** Árdís Bjarnþórsdóttir
**Þýðing:** Helgi Hálfdanarson og Jón Atli Jónasson

Hin nýja uppfærsla Leikfélags Reykjavíkur á Hamlet hefur bæði sína kosti og galla. Umgerðin öll: leikmynd, lýsing, búningar og tónlist, allt vinnur það vel, að ekki sé sagt, glæsilega saman. Sumir leikenda skila sínu einnig ágætlega. Hamlet Ólafs Darra Ólafssonar á hug manns frá upphafi og hann fer afburða vel með flestar einræðurnar, ekki síst þá frægustu: Að vera eða ekki vera; hún var þannig flutt að mér fannst ég vera að heyra hana í fyrsta skipti. Tilfinningaleg einlægni og þróttur einkenna leik hans sem skilar einnig viðkvæmni persónunnar; sumir kynnu að sakna hinna sjúku geðsveiflna, þess demónska í fari Hamlets, en ég er ekkert viss um að ég sé í þeim hópi; satt að segja hef ég séð alveg nógu marga slíka Hamleta. Mér finnst túlkun Ólafs Darra vera samkvæm sjálfri sér og trúverðug á heildina litið.

Hitt er annað mál að sitthvað í leikgerð, sviðsetningu og útfærslu einstakra atriða frá hendi leikstjóra gerir honum ekki alltaf auðvelt fyrir. Jón Páll Eyjólfsson kýs af einhverjum sökum að nota aðeins níu leikara (ég geri varla ráð fyrir að leikhússtjórinn hafi neitað honum um fleiri) og það kostar mikinn niðurskurð, fækkun persóna og dúbleringar, styttingar, einfaldanir og á stundum mjög hæpnar breytingar eða „lausnir“. Hvaða hugsun er til dæmis að baki því að láta Hóras vera viðstaddan fyrri ræðu draugsins yfir Hamleti? Hamlet er þá ekki lengur einn um vitneskju sína um föðurmorðið og því eðlileg spurning hvað hann sé að darka þetta aðgerðarlaus mánuðum saman og þykjast vera geggjaður, í stað þess að ræða einfaldlega málin við Hóras og drífa svo í því að ganga frá kóngsskepnunni, sem þeir tveir ættu að hafa alla burði til. Ég skil ekki heldur til hvers Rósinkranz og Gullinstjarni eru hér gerðir að hlægilegum aulabárðum, mönnum sem gáfnaljósið Hamlet hefði aldrei gert að vinum sínum. Og enn síður skil ég hvers vegna útför Ófelíu er sviðsett sem einhvers konar farsi og þar með fótum í raun kippt undan lokaatriðinu sem í heppnaðri sýningu á leiknum verður ALLTAF hápunkturinn. Og þannig mætti áfram telja.

Ein stærstu mistök leikstjóra eru þó þau að velja Hilmar Jónsson í hlutverk Kládíusar. Kládíus er höfuðandstæðingur Hamlets og ef hann verður of lítilfjörlegur fellur dramað um sjálft sig. Hilmar hefur engan veginn þá nærveru né stærð sem hlutverkið kallar á og hann nær hvorki að sýna illsku mannsins né þær samviskukvalir sem hann líður undir grímunni. Og hvaða uppátæki er það hjá leikstjóra að gera Pólóníus að vitorðsmanni hans, sem er sýnt með því að láta ráðgjafann standa yfir kóngi þegar hann fer með hið magnaða eintal sitt í þriðja þætti?! Jóhann Sigurðarson hefði verið kjörinn í hlutverk Kládíusar og einhver eldri leikari þá mátt taka Pólóníus að sér – hvers vegna ekki Þorsteinn Gunnarsson sem sjaldan sést á sviði nú orðið? Ekki svo að skilja, Jóhann var fínn Pólóníus og sá eini sem Í LEIK miðlaði grimmd þess lymskufulla ofurvalds sem í leikritinu vofir alls staðar yfir – rétt eins og í þjóðfélagi skáldsins sjálfs, undir ógnarstjórn Elísabetar fyrstu.

Önnur mistök í leikendavali eru að setja Hilmar Guðjónsson í hlutverk Laertesar. Hilmar var fullkomlega ósannferðugur í því, virtist utan gátta og á stundum nánast eins og hann kynni vart það litla sem eftir var af rullutextanum. Innkoma hans í fjórða þætti, sem þarf að vera bæði hamslaus og hættuleg, varð einn mesti antí-klímax kvöldsins; drengurinn arkar inn (hvar var hallarvörðurinn?), patandi eitthvað út í loftið með skammbyssu sem Kládíus tekur svo ósköp rólega af honum! Hallgrímur Ólafsson hefði örugglega orðið betri Laertes, jafnvel undir svo einkennilegri leikstjórn sem þessari.

Hjörtur Jóhann Jónsson hvarf sem Hóras að mestu í breiðan skugga Hamlets, en hann gerði sumt laglega, fór til dæmis vel með lokaorðin. Elva Ósk Ólafsdóttir var hins vegar mjög góð sem Geirþrúður drottning, þokkafull yfirborðsmanneskja sem nær þó að vekja samúð; veiklynd og hrædd kona inni í glæstum leikbúningi, bjargarlaus fangi í sviðsetningu Valdsins. Þetta er það besta sem ég hef séð Elvu Ósk gera og samleikur þeirra Ólafs Darra í svefnhúsi drottningar varð eitt hið áhrifamesta í sýningunni. Það fór vart á milli mála að þessi Hamlet bar sterkari tilfinningar til móður sinnar en Ófelíu sem Hildur Berglind Arndal komst að mörgu leyti vel frá, ekki síst í brjálæðinu. Hún er leikkona sem þarf að slípast, en lofar góðu. Halldór Gylfason var spaugilegur í hlutverki grafarans, en ekki nógu „makaber“, gegnsósaður af nálykt og rotnun.

Lokaþátturinn fór sem fyrr segir í vaskinn. Þar má meðal annars benda á ankannalegar staðsetningar, eins og að láta hin blóðugu endalok fara að miklu leyti fram á baksviðinu, svo að þau glata að mestu áhrifum sínum. Einvígi Hamlets og Laertesar var hvorki fugl né fiskur og það eykur ekki samúð manns með Hamleti að láta hann vega Laertes með köldu blóði. Ég hef ekki séð kvenmann leika Fortinbras fyrr og vona ég eigi aldrei eftir að sjá það oftar. Og þurfti hinn norski kóngsson ekki nema einn riffilgarm til að ryðja sér braut inn í konungsgarð – einn og óstuddur?!

Þegar þessi sýning var fyrst kynnt kom fram að Jón Atli Jónasson myndi þýða verkið. Sá texti, sem hér er lagður leikendum í munn, er þó einhvers konar sambræðsla af þýðingu Helga Hálfdanarsonar og nýsmíðum Jóns Atla, sem skellir inn alls kyns slanguryrðum og nútíma orðaleppum, til að poppa upp textann, vænti ég, en umskrifar einnig suma kafla, vísast til að auðvelda styttingar. Þessi meðferð á höfundarverki Helga gengur þvert gegn fyrirmælum hans sjálfs sem birt eru í öllum útgáfum verka hans og ég er eitt hundrað prósent viss um að hann hefði aldrei lagt blessun sína yfir slíkt og þvílíkt. Hafi Jón Atli gefist upp á að þýða verkið undir frumbragnum, stakhendunni, hefði verið miklu hreinlegra að ganga alla leið og snúa því öllu í prósa, í stað þess að koma með hrákasmíð eins og þessa.

**Jón Viðar Jónsson**

**NIÐURSTAÐA:** Ólafur Darri leggur allt undir í titilhlutverkinu mikla og skilar heilsteyptri og oft áhrifamikilli mynd af Hamlet. En misheppnað leikaraval, undarleg textagerð og vafasamar áherslur í leikstjórn og sviðsetningu draga sýninguna niður og lokaþátturinn jaðrar við að verða farsi.

Nýtt!
2í1




Kvef?

Nýtt lyf sem verkar bæði gegn nefstíflu og nefrennsli

Otrivin Comp
Andaðu með nefinu

Otrivin Comp, nefúði, lausn. Innihaldslýsing: Xýlómetazólínhýdróklóríð 0,5 mg/ml og ipatrópíumbrómíð. **Ábendingar:** Einkenni nefstíflu (þrútinnar nefslímhúðar) og nefrennslis af völdum kvefs. **Skammtar og lyfjagjöf fyrir fullorðna eldri en 18 ára:** 1 úðaskammtur í hvora nös eftir þörfum, að hámarki þrisvar á sólarhring. Að minnsta kosti 6 klukkustundir skulu líða milli tveggja skammta, draga skal úr skömmtum þegar einkenni lagast. Ekki má nota Otrivin Comp lengur en 7 daga þar sem langvarandi notkun xýlómetazólínhýdróklóríðs getur leitt til bólgu í nefslímhúð og aukinnar slímmyndunar. Snýttu þér. Fjarlægðu glæru plasthettuna. Skorðaðu úðaflöskuna milli fingranna. Úðað er með því að þrýsta kraganum niður að flöskunni. Hallaðu höfðinu örlítið fram. Stúturinn á úðaflöskunni er settur upp í nösina. Úðað er einu sinni, um leið og andað er að sér inn um nefið. Farðu eins að í hina nösina. Ekki má nota lyfið ef þú ert með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, ofnæmi fyrir atrópíni eða svipuðum efnum (t.d. hýoscýamín eða skópólamín), ef þú hefur gengist undir aðgerð í gegnum nefið eða munninn, ef þú ert með nefþurrk vegna slímhúðarbólgu eða ert með gláku. **Ráðfærðu þig við lækni áður en lyfið er notað ef þú ert:** Þunguð, með barn á brjósti, næmur fyrir adrenvirkum efnum, hjarta- eða æðasjúkdóm, skjaldvakaóhóf, sykursýki, háþrýsting, erfiðleika við þvaglát (stækkaðan blöðruhálskirtil), æxli í nýrnahettum, ef þú færð oft blóðnasir (t.d. aldraðir), ert með þarmalömun, slímseigjusjúkdóm, þunglyndi og ert á lyfjameðferð við því. **Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli.** Markaðsleyfishafi:Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

# ÚTSALA

**HEIMILISTÆKI, SMÁRAFTÆKI OG BÚSÁHÖLD Á ÚTSÖLUVERÐI**

## Allt að 60% afsláttur!

**Ofnar, helluborð og háfar með allt að 60% afslætti**
**De Dietrich – Candy – Blomberg – Kitchenaid**

**Candy þvottavélar og þurrkarar – Verð frá 79.990**

**Kitchenaid brauðristar, katlar, töfrasprotar, matvinnsluvélar og fleira – 15% afsláttur**

**Fissler pottar, pönnur og búsáhöld – 20% afsláttur**

**Kitchenaid búsáhöld og aukahlutir fyrir hrærivélar – 15% afsláttur**

**William Bounds salt- og piparkvarnir – 25% afsláttur**

**Kæliskápar með allt að 25% afslætti**
**Blomberg – Severin – Candy – Panasonic**

**Dyson viftur – 26-33% afsláttur**

**Ryksugur –15-20% afsláttur**

**Saeco kaffivélar – Verð frá 49.990**

*Opið virka daga 9-18*
*og laugardaga 11-15*

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# Trendnet tekur út rauða dregilinn

Tískubloggararnir Hildur Ragnarsdóttir og Helgi Ómarsson dæmdu kjóla sem stjörnurnar klæddust á Golden Globe-hátíðinni.



## → DÓMNEFNDIN

**Helgi Ómarsson**, ljósmyndari og tískubloggari, og **Hildur Ragnarsdóttir**, eigandi Einveru og tískubloggari, eru í dómnefnd fyrir hönd Trendnets að þessu sinni.


**Reyklaus og frjáls**

**Fyrst ég gat hætt, getur þú það líka.**

Námskeið til hjálpar þeim sem vilja losna við nikótínfíkn.

Valgeir Skagfjörð heldur námskeið í Húsinu v/Staðarberg í Hafnarfirði Þriðjudaginn 28. janúar kl 17.00.



**Skráning í síma 780 7911 eða valliskag@gmail.com**








GRÍÐARLEGT ÚRVAL AF MAT OG GÓÐGÆTI FYRIR STÓRA OG LITLA FUGLA

Vitakraft Health · Vitality

GÆÐIN SKIPTA MÁLI

DÝRARÍKIÐ

*Holtagörðum ... fyrir dýravini*

*Stærsta og skemmtilegasta gæludýraverslun landsins* S: 568 66 68 *Opið 11-18 virka daga / 12-18 um helgar*



Vissir þú að...

börn eiga rétt á aðstoð og hjálp ef þau verða í ofbeldi

Barnaheill

Save the Children á Íslandi




**ASHLEY TISDALE** Í YANINA

**Hildur:** Virkilega fallegt dress. Hárið og förðunin passa fullkomlega við. Hefði verið gaman að sjá hana í örlítið meiri lit samt.

**Helgi:** Mér finnst „heildarlúkkið“ flott. Ég hef aldrei séð hana svona flotta, tískulega séð. Kjóllinn fær fimm, heildarlúkkið fær 7,5. Ólei!



**TAYLOR SWIFT** Í JULIEN MACDONALD

**Hildur:** Tilvalinn partíkjóll, skilur að vísu ekki mikið eftir fyrir ímyndunaraflið en nær samt að vera smekklegur.

**Helgi:** Þar sem ég er minnsti Taylor Swift-aðdáandi í heimi þá langar mig að segja bú. En ég viðurkenni að mér þykir þetta nokkuð kúl kjóll. Hún er með flott vaxtarlag í hann. Eflaust ekki margir sammála mér, en ég segi (því miður) mjög flott.



**KERRY WASHINGTON** Í BALENCIAGA

**Hildur:** Kerry Washington er gullfalleg sjálf, einfalt og fallegt skart. Kjóllinn er fallegur á litinn en sniðið finnst mér ekki gera mikið fyrir hana og sætu óléttubumbuna hennar.

**Helgi:** Eins og ég fíla Balenciaga, þá þykir mér þessi kjóll vera mest lítið spennandi, eða eiginlega ekkert spennandi. Mér finnst kjóllinn einnig stækka hana töluvert. Óspennandi!



**JULIA FITZROY**

**Helgi:** Ef maður skoðar myndina á hvolfi þá lítur tjullið á kjólnum út eins og rós. Það er frekar kúl. Þessi fær 6 af 10 frá mér, því ég fílaði hann eiginlega bara á hvolfi.

**Hildur:** Mér finnst þetta dress alveg hræðilegt. Afsakaðu, Julia Fitzroy!



**ALLISON WILLIAMS** Í ALEXANDER MCQUEEN

**Hildur:** Minimalískt lúkk – einföld förðun, skart og kjóll, en með smá „tvisti“ að ofan. Vel heppnað!

**Helgi:** Ég er Alexander McQueen-aðdáandi og mér finnast verkin hans yfirleitt falleg. En ég get því miður ekki sagt það um þennan kjól.



**SOFIA VERGARA** Í ZAC POSEN

**Helgi:** Sofia Vergara er stórkostleg. Þessi Zac Posen-kjóll er líka nokkuð stórkostlegur, sérstaklega á henni. Ég elska allt við þetta; hana, kjólinn, brjóstin. Mjög, mjög flott!

**Hildur:** Sofia Vergara er þekkt fyrir djörf dress á rauða dreglinum, ætli henni hafi ekki bara tekist að halda orðsporinu! Svakaleg skvísa!



**CATE BLANCHETT** Í ARMANI PRIVE

**Helgi:** Mér finnst þetta fallegur kjóll. Hálsmálið er fallegt, flott speglaformið á efri partinum, rómantískur. Mjög flott.

**Hildur:** Falleg, einföld förðun og fallegt hár. Kjóllinn er fallegur, einfaldur en með skemmtilegum smáatriðum í blúndunni.



**DIANE KRUGER** Í ANTONIO BERARDI

**Helgi:** Geisp.

**Hildur:** Hún er yfirleitt mjög smekkleg. Finnst heildarlúkkið mjög óspennandi. Vonbrigði Diane Kruger, vonbrigði!



**NIKKI REED** Í MONIQUE LHUILLIER

**Helgi:** Þessi fær 7 af 10 frá mér. Fínn, öruggt val og hún er megabeib.

**Hildur:** Fallegt og elegant heildarlúkk - skemmtilega öðruvísi litur.

LYFJA
– Lifið heil

www.lyfja.is

# Nicotinell getur auðveldað þér að hætta eða draga úr reykingum

Það að draga smám saman úr reykingum er mjúka leiðin í átt að reykleysi. Að draga úr reykingum getur verið rétta aðferðin fyrir reykingafólk sem á erfitt með að horfast í augu við að kveðja sígarettuna strax fyrir fullt og allt.

Nicotinell lyfjatyggigúmmí draga úr reykingaþörfinni og veita reykingafólki tækifæri til að ná stjórn á reykingamynstrinu, þannig að það geti verið reyklaust t.d. á vinnustað, í heimsóknum, í bílnum o.s.frv.

**20% AFSLÁTTUR***




**Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins**

*** 20% afsláttur af öllum pakkningastærðum og styrkleikum af Spearmint, Icemint og Mint. Gildir til 31. Janúar 2014.**

Nicotinell, lyfjatyggigúmmí. Inniheldur nikótín. Til meðferðar á tóbaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og það auðveldar þar með reykingarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt, eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Hætta skal alfarið reykingum meðan á meðferð með Nicotinell stendur. Upphafsskammtur skal ákvarðaður út frá því hversu háður nikótíni einstaklingurinn er. Verði vart við aukaverkanir þegar hærri styrkleiki er notaður skal íhuga að skipta yfir í lægri styrkleika. Meðferðarlengd er einstaklingsbundinn. Samtímis neysla á súrum drykkjum, eins og t.d. kaffi og sódavatni, getur minnkað frásog nikótíns í munni. Forðast skal þessa drykki í 15 mínútur fyrir notkun lyfjatyggigúmmís. Tyggja skal eitt stykki Nicotinell lyfjatyggigúmmí við reykingaþörf. Venjuleg notkun er 8-12 stykki á sólarhring, þó ekki fleiri en 15 stykki af 4 mg lyfjatyggigúmmíi og 25 stykki af 2 mg lyfjatyggigúmmíi á sólarhring. Vegna eiginleika lyfjatyggigúmmís sem lyfjaforms getur nikótínþéttni í blóði verið mismunandi á milli einstaklinga. Því skal miða tíðni skammta við einstaklingsþörf, innan uppgefinna hámarksskammta. Tyggja skal eitt lyfjatyggigúmmí þar til finnst sterkt bragð. Lyfjatyggigúmmíið skal því næst hvíla á milli kinnar og tannholds. Þegar sterka bragðið minnkar skal byrja að tyggja aftur. Þetta skal endurtaka í 30 mínútur. Í flestum tilfellum skal meðferðin standa í a.m.k. 3 mánuði. Eftir 3 mánuði skal draga smám saman úr notkun. Venjulega er ekki mælt með notkun Nicotinell lyfjatyggigúmmís lengur en í eitt ár. Ef ekki hefur dregið úr fjölda sígaretta á sólarhring eftir 6 vikur skal leita faglegrar ráðgjafar. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er reiðubúin til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Þeir sem reykja ekki og þeir sem hafa ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna eiga ekki að nota Nicotinell. Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafræðing því ekki er víst að þú megir nota Nicotinell ef þú: ert þunguð, með barn á brjósti, hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp, ert með hjarta- eða æðasjúkdóm, of háan blóðþrýsting, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil/nýrnahettur, magasár eða verulega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi. Einstaklingar undir 18 ára aldri mega ekki nota Nicotinell nema að læknisráði. Nikótín sem er gleypt getur valdið versnun einkenna hjá sjúklingum sem eru með bólgu í vélinda, munni eða koki, magabólgu eða magasár. Einstaklingum með gervitennur, eiga við vandamál í liðamótum kjálka og þeim sem eiga í erfiðleikum með að tyggja tyggigúmmí er ráðlagt að nota önnur lyfjaform en lyfjatyggigúmmí. Sjúklingar með arfgengt frúktósaóþol skulu ekki nota lyfjatyggigúmmíið. Athuga ber að lyfjatyggigúmmíið og munnsogstöflurnar innihalda natríum og bútýlhýdroxýtólúen (E321) sem getur valdið staðbundinni ertingu slímhúðar en sumar bragðtegundir innihalda að auki sorbitól (E420), maltitól (E965) eða aspartam (E 951) sem ekki allir mega taka. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Jafnvel lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lágmúla | Smáralind | Grundarfirði | Patreksfirði | Hvammstanga | Húsavík | Seyðisfirði | Reyðarfirði | Selfossi |
| Laugavegi | Smáratorgi | Stykkishólmi | Ísafirði | Skagaströnd | Þórshöfn | Neskaupstað | Höfn | Grindavík |
| Nýbýlavegi | Borgarnesi | Búðardal | Blönduósi | Sauðárkróki | Egilsstöðum | Eskifirði | Laugarási | Keflavík |

# Árni í stjórn nýs risafélags

Árni Samúelsson, eigandi og stjórnarformaður Sam-Félagsins, sem er móðurfélag Sambíóanna og Samfilm, hefur verið skipaður í stjórn nýs félags sem til verður eftir samruna Cineworld Group og Cinema City Intl. Samruninn, sem er 96,3 milljarða íslenskra króna virði, mun taka gildi í byrjun mars 2014. Hann mun geta af sér aðra stærstu kvikmyndahúsakeðju í Evrópu með 1.852 sýningarsali í tíu löndum, en um 250 milljón manns búa á markaðssvæðum félagsins.

Cinema City sem skráð er í kauphöll í Varsjá í Póllandi er leiðandi félag á kvikmyndahúsamarkaðnum í Evrópu og rekur kvikmyndahús víða í Evrópu.

Cineworld Group er skráð í kauphöll London og rekur kvikmyndahús undir nöfnunum Cineworld og Picturehouse og er markaðsleiðandi kvikmyndahúsakeðja í Bretlandi, Írlandi og rekur einnig kvikmyndahús í Skotlandi.

- glp

# Að stilla saman strengi

**BAKÞANKAR**
Ólafar Skaftadóttur



Leiðtogarnir okkar, sem allir eru áreiðanlega prýðisfólk með mikla hæfileika, mættu í Kryddsíldina á Stöð 2 á gamlársdag til að vera uppbyggilegir og skemmtilegir. Sumum tókst það, en öðrum alls ekki. Eflaust sýnist sitt hverjum í þeim efnum. En ég held að við getum verið sammála um að stundum tók karpið yfirhöndina þó að inn á milli kæmu góðir sprettir.

**ÞARNA** endurspeglaðist það sem Jón Gnarr orðaði svo snilldarlega þegar hann sagði að fólk kæmist ekki úr sporunum í leshringjum ef alltaf væri einblínt á stafsetningarvillurnar í textanum. Prúðbúnir leiðtogarnir eyddu of miklu púðri í að finna snöggga bletti hver á öðrum. Ég gleðst þess vegna yfir því að æ oftar, til dæmis nú þegar rætt er um nýjan útvarpsstjóra, er horft til fólks sem hefur unnið við listir og menningu.

**LISTALÍFIÐ** er með miklum blóma á Íslandi – er raunar það fyrsta sem útlendu fólki dettur í hug þegar minnst er á mannlífið á þessari fámennu eyju. Við þurfum að yfirfæra aðferðir listafólksins á önnur svið. Jón Gnarr hefur sannað að ýmislegt er mögulegt í þeim efnum. Það má ábyggilega sanna margt á Ríkisútvarpinu líka ef stjórnendurnir snúa sér að því sem mestu skiptir og einbeita sér að gæðum en ekki magni.

**VIÐ** höfum líka gert góða hluti í hópíþróttum. Í Kryddsíldinni var Lars Lagerbäck fótboltaþjálfari valinn maður ársins. Það var fínt því hann gerði einmitt það sem gera þarf. Hann lýsti því sjálfur eitthvað á þá leið að hér væri ótrúlega mikið af frambærilegum fótboltaköppum og raunar hefði hann lítið þurft að að gera annað en að stilla saman strengi.

**ÞAÐ** er verkefni dagsins, að stilla saman strengi. Allt um kring er hæfileikafólk, sem þarf að læra af þeim Jóni og Lars. Hætta að mæna á stafsetningarvillur og róa í sömu átt.

**KANNSKI** gætu Jón og Lars tekið að sér að þjálfa landsstjórnina?

# Stærsta bransahátíð í Evrópu

**Eurosonic-hátíðin hefst á morgun en á henni koma fram sex íslensk atriði. Hátíðin er stökkpallur fyrir listamenn og hafa Íslendingar getið sér gott orð á hátíðinni. Tónlistarmaðurinn Ásgeir Trausti hlýtur Ebba-verðlaunin í ár.**

„Þetta er stærsta bransahátíðin í Evrópu og getur því verið mikill stökkpallur fyrir hljómsveitir," segir Sigtryggur Baldursson, framkvæmdastjóri Útóns, um Eurosonic-hátíðina sem hefst á morgun í Hollandi. Áhorfendur hátíðarinnar eru ekki þessir dæmigerðu áhorfendur sem sækja tónlistarhátíðir vegna þess að flestir eru starfandi í tónlistargeiranum og eru ýmist bókarar fyrir tónlistarhátíðir, umboðsmenn eða aðrir aðilar tengdir tónlistargeiranum.

„Þessi hátíð er upprunalega sett saman af evrópskum útvarpsstöðum og aðstandendum evrópskra sumartónlistarfestivala og hefur þróast í að vera ansi stór vettvangur fyrir til dæmis bókara ýmissa festivala og þá sem að vilja uppgötva nýja tónlist," útskýrir Sigtryggur. Sigtryggur og Grímur Atlason, framkvæmdastjóri Iceland Airwaves-hátíðarinnar eru á leið á hátíðina og verða með kynningu á íslenskri tónlist á hátíðinni.

Í ár koma fram sex íslenskar hljómsveitir; Ásgeir Trausti, Berndsen, Hermigervill, Oyama, Sísý Ey og Vintage Caravan en þær eru valdar af bókarateymi á vegum Eurosonic.

„Vintage Caravan var hins vegar valin af Rás 2 því útvarpsstöðvar í Evrópu fá að velja sveit til að koma fram á hátíðinni."

Það getur verið erfitt að komast inn á hátíðina. „Það kemur alltaf fulltrúi frá Eurosonic á Airwaves-hátíðina og skoðar íslenskar hljómsveitir en það getur verið erfitt að komast inn á hátíðina," segir Grímur Atlason.

Á hátíðinni verða Ebba-verðlaunin einnig veitt og eiga Íslendingar sigurvegara annað árið í röð.

„Þetta eru verðlaun sem eru veitt listamönnum sem hafa staðið sig vel utan heimalands síns og vakið athygli í Evrópu," segir Grímur. Í fyrra hlutu Of Monsters and Men verðlaunin og í ár fær Ásgeir Trausti þau. Þekkt nöfn sem unnið hafa til verðlauna eru Adele, Mumford and Sons og Damien Rice.

Hljómsveitir geta fengið mikla athygli á hátíðinni enda mikið af svokölluðu bransafólki á hátíðinni sem getur látið hlutina gerast.

„Hljómsveitin Fm Belfast fékk til dæmis mikla athygli árið 2010 og margar bókanir í kjölfar hátíðarinnar," bætir Grímur við. Ásgeir Trausti spilaði á hátíðinni í fyrra og síðan þá hefur hann landað útgáfusamningi og höfundarréttarsamningi og má eflaust segja að Eurosonic hafi hjálpað til. „Ætli hljómsveitin Franz Ferdinand sé ekki stærsta nafnið sem hefur skotist upp á stjörnuhimininn í gegnum hátíðina," segir Grímur.

Á ári hverju er ein svokölluð fókusþjóð á hátíðinni sem færir henni sérstaka athygli en komið hefur til tals að Ísland verði fókusþjóð Eurosonic árið 2015 og gæti það gert ýmislegt fyrir íslenska tónlist.

gunnarleo@frettabladid.is

## → Íslenskir listamenn á Eurosonic 2014

**Ásgeir Trausti**
**Berndsen**
**Hermigervill**
**Oyama**
**Sísý Ey**
**The Vintage Caravan**



**MIKILL STÖKKPALLUR** Sigtryggur Baldursson, framkvæmdastjóri Útóns, segir hátíðina stökkpall fyrir listamenn. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**FÆR VERÐLAUN** Ásgeir Trausti kemur fram á Eurosonic annað árið í röð og fær Ebba-verðlaunin afhent. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ LONE SURVIVOR 16
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ BELIEVE L
MITTY ★★★★★ -S.G.S., MBL ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ ★★★★ -L. K.G., FBL 7
Í SMÁRABÍÓ ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ HOBBIT 12

SMÁRABÍÓ — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| BELIEVE | KL. 3.30 - 5.40 - 7 | L |
| LONE SURVIVOR | KL. 8 - 10.35 | 16 |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | KL. 5.30 - 8 - 9.10 - 10.30 | 7 |
| SECRET ... WALTER MITTY LÚXUS | KL. 8 - 10.30 | 7 |
| THE HOBBIT 3D 48R | KL. 3.30 - 4.30 - 8 | 12 |
| THE HOBBIT 3D 48R LÚXUS | KL. 4.30 | 12 |
| RISAEÐLURNAR 2D | KL. 3.30 | 7 |

HÁSKÓLABÍÓ — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| LONE SURVIVOR | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 7 |
| THE HOBBIT 3D | KL. 5.30 - 9 | 12 |
| THE HUNGER GAMES 2 | KL. 6 - 9 | 12 |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| LONE SURVIVOR | KL. 5:50 - 8 - 10:15 | 16 |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | KL. 5:50 - 8 | 7 |
| THE HOBBIT 3D | KL. 10.15 | 12 |

Miðasala á: midi.is og eMiði

LAUGARÁS BÍÓ

LONE SURVIVOR 16 ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
SÝND Í 3D 48 RAMMA HOBBIT 12 ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| LONE SURVIVOR | 8, 10:30 | 16 |
| HOBBIT 2 | 6, 10 | 12 |
| JUSTIN BIEBER'S BELIEVE | 6 | L |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | 5, 8, 10:20 | 7 |

SAMBÍÓIN

FRÁ LEIKSTJÓRA SILVER LININGS PLAYBOOK OG THE FIGHTER
BALE COOPER ADAMS RENNER LAWRENCE
AMERICAN HUSTLE
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
Golden Globe verðlauna — Besta Mynd ársins
★★★★★ WALL STREET JOURNAL ★★★★★ ENTERTAINMENT WEEKLY ★★★★★ CHICAGO SUN-TIMES ★★★★★ SAN FRANCISCO CHRONICLE

THE WOLF OF WALL STREET
★★★★★ ★★★★★ ROLLING STONE ★★★★★ EMPIRE ★★★★★ THE GUARDIAN 16
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
2 tilnefningar til Golden Globe verðlauna
Besta Mynd ársins, Besti leikari í aðalhlutverki Leonardo DiCaprio

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| AMERICAN HUSTLE | KL. 5:30 - 8:20 - 10:20 | 12 |
| AMERICAN HUSTLE VIP | KL. 6 - 9 | VIP |
| WOLF OF WALLSTREET | KL. 8:20 - 10:20 | 16 |
| HOBBIT: DESOLATION OF SMAUG 2D | KL. 5:30 - 8:40 | 12 |
| ANCHORMAN 2 | KL. 5:30 - 8 | 10 |
| FROZEN ENSTAL 2D | KL. 8 | L |
| FROSINN ÍSLTAL | KL. 2D: 5:40 3D: 6 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| AMERICAN HUSTLE | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| WOLF OF WALLSTREET | KL. 7 - 8 - 10:30 | 16 |
| HOBBIT: DESOLATION OF SMAUG HFR 3D | KL. 7 - 10:20 | 12 |
| HOBBIT: DESOLATION OF SMAUG 3D | KL. 4:40 | 12 |
| ANCHORMAN 2 | KL. 4:40 | 10 |
| FROSINN ÍSLTAL 3D | KL. 4:40 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI — NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| AMERICAN HUSTLE | KL. 6 - 9 | 12 |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | KL. 6 - 8:30 | 7 |
| WOLF OF WALLSTREET | KL. 5:40 - 9:10 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| AMERICAN HUSTLE | KL. 8 - 10:50 | 12 |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | KL. 8 - 10:30 | 7 |
| RISAEÐLURNAR 3D | KL. 6 | 7 |
| FROSINN ÍSLTAL 2D | KL. 5:40 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| AMERICAN HUSTLE | KL. 7:30 - 10:20 | 12 |
| ANCHORMAN 2 | KL. 8 | 10 |
| WOLF OF WALLSTREET | KL. 10:20 | 16 |
| FROSINN ÍSLTAL 2D | KL. 5:40 | L |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

Kvikmyndasafn Íslands sýnir í Bæjarbíói
Sýnt er á þri kl. 20:00 og lau kl. 16:00
Sjá sýningarskrá á: www. kvikmyndasafn.is

ÁSTARSAGA ÚR STRÍÐINU
Leikstjóri: Pjotr Todorovskíj
Ungur hermaður hrífst af ungri konu herforingja á vígstöðvunum. Nokkrum árum eftir stríðslok rekst hann á konuna af tilviljun á förnum vegi og þau endurvekja kynni sín. Hún er þá orðin ekkja og hefur fyrir dóttur að sjá. Hann reynir að hjálpa henni en er giftur og eiginkonan ekki skilningsrík í garð ekkjunnar.

Barnaheill Save the Children á Íslandi
Vissir þú að... bannað er að mismuna börnum eftir því hvað foreldrar þeirra gera.

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS
12 HOSTAGES 24 HOURS 1 PARTRIDGE — ALAN PARTRIDGE: ALPHA PAPA
BESTA MYNDIN — BORGMAN
★★★★★ „STÓRKOSTLEG MYND" LARS BUKDAHL, KVIKMYNDATÍMARITIÐ EKKO — HROSS Í OSS
SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas


Nicorette® QuickMist munnholsúði
HVISS!
- og reykingalöngunin minnkar
Nicorette® QuickMist munnholsúðinn er nýjasta níkótínlyfið frá Nicorette og virkar á 60 sekúndum
Freshmint
nicorette
QuickMist
2x150
Nicorette® QuickMist
Úðist í munn við reykingaþörf
1 mg nikótín í hverjum úða
Nota skal 1-2 úða í hvert sinn
Virkar á 60 sekúndum
Er með mintubragði
Hvert úðahylki inniheldur150 úða
Fæst án lyfseðils í næsta apóteki
nicorette® auðveldar þér að hætta að reykja
nicorette
nicotin
**Nicorette® QuickMist munnholsúði er nikótínlyf** (inniheldur einnig lítið magn af etanóli (alkóhól), minna en 100 mg/úða). Lyfið er fáanlegt án lyfseðils og notað til meðferðar á nikótínfíkn, til að draga úr fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt. Hætta skal reykingum alveg meðan á meðferð stendur. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið var reykt en hámarksdagskammtur er 64 úðar. Nota má allt að 4 úða á klst., en ekki fleiri en 2 úða við hverja skömmtun. Hvorki skal borða né drekka meðan á notkun munnholsúðans stendur og gæta skal að úða ekki í augu. Ekki má nota Nicorette QuickMist ef þú ert með ofnæmi fyrir nikótíni eða öðru innihaldsefni lyfsins. Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun lyfsins ef þú hefur nýlega fengið hjartadrep eða heilaslag, ert með brjóstverk (hjartaöng), hjartasjúkdóm, ómeðhöndlaðan háþrýsting, hefur fengið bráðaofnæmisviðbrögð eða útbrot með kláða, ert með skerta lifrarstarfsemi, alvarlegan nýrnasjúkdóm, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil, æxli í nýrnahettum, magasár eða vélindabólgu. Einstaklingar yngri en 18 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Þeir sem ekki hafa reykt eiga ekki að nota lyfið. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.

## Bakið í góðu lagi hjá Vigni

**HANDBOLTI** Vignir Svavarsson átti frábæran leik í vörn Íslands gegn Norðmönnum. Hann hefur verið að glíma við meiðsli í baki en þau virtust ekki há honum í fyrsta leik EM.

„Bakið var mjög gott í leiknum. Ég var svolítið þreyttur eftir leik en hef verið í meðhöndlun og er bara sprækur,“ sagði Vignir en hann er bjartsýnn á að bakið haldi. „Ég hef ekki verið svona góður í bakinu í rúman mánuð. Ég missti tæpan mánuð úr vegna meiðslanna áður en ég kom heim, en sjúkraþjálfararnir hafa hjálpað mér mikið. Það er allt á réttu róli og vonandi er þetta að baki.“

Vignir býst við álíka miklum átökum gegn Ungverjum eins og gegn Norðmönnum.

„Þetta verða öðruvísi átök enda margir þyngri hjá þeim,“ segir Vignir, en hefur hann samið við Sverre félaga sinn um að hann reyni að klára næsta leik með sér en Sverre fékk rautt gegn Norðmönnum. „Ég hef rætt það við hann að þetta gangi ekki. Ég er brjálaður,“ sagði Vignir léttur á æfingu liðsins í gær. **- hbg**



**BJARTSÝNN** Vignir Svavarsson fagnar hér sigrinum á Noregi í fyrsta leiknum á EM í Danmörku. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**STUND HEFNDARINNAR RUNNIN UPP** Tíu leikmenn íslenska liðsins á EM í ár voru með á ÓL í London þegar íslenska landsliðið datt út á móti Ungverjum. Þetta eru þeir Aron, Ásgeir Örn, Vignir, Arnór, Björgvin Páll, Kári, Sverre, Róbert, Snorri Steinn og Guðjón Valur. Þeir stilltu sér upp fyrir ljósmyndara Fréttablaðsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Við eigum harma að hefna

**Landsliðsþjálfarinn Aron Kristjánsson segir að íslenska liðið muni nýta sér tapið gegn Ungverjum á ÓL á jákvæðan hátt þegar liðin mætast á EM í dag. Ungverjar fái ekki að stela þessum draumi líka frá Íslandi.**

**Henry Birgir Gunnarsson**
henry@frettabladid.is
**Daníel Rúnarsson**
danielr@365.is
Frá EM í Álaborg



**HANDBOLTI** Íslenskir handboltaáhugamenn munu seint gleyma því er Ísland tapaði á grátlegan hátt gegn Ungverjum í átta liða úrslitum á Ólympíuleikunum í London.

Tíu leikmenn íslenska landsliðsins á EM í Danmörku tóku þátt í þeim leik. Eftir því sem næst verður komist hefur enginn þeirra treyst sér til að horfa á leikinn aftur. Þessu líklega grátlegasta tapi íslenskrar handboltasögu hafa leikmenn ekki gleymt og þeir munu því mæta beittir í leikinn í dag.

„Við ætlum að reyna að nýta okkur þann leik á jákvæðan hátt til þess að mótívera okkur. Við eigum harma að hefna á móti þeim og ætlum ekki að leyfa þeim að stela þessum draumi frá okkur líka,“ segir Aron Kristjánsson landsliðsþjálfari.

Hann veit sem er að þessi leikur verður gríðarlega erfiður enda eru Ungverjar sem fyrr með sterkt lið þó svo það vanti þeirra besta mann, Laszlo Nagy.

„Ungverjarnir eru með hörkulið. Líkamlega sterkir og klókir leikmenn. Við þurfum að vera klárir og mikilvægt að við höldum hreyfanleikanum í vörninni. Þeir eru með öflugar skyttur sem refsa ef við stöndum ekki rétt,“ sagði landsliðsþjálfarinn Aron Kristjánsson en Guðjón Valur Sigurðsson landsliðsfyrirliði segir að það sé blóðugt fyrir Ungverja að missa Nagy.

„Það skiptir gríðarlegu máli. Hann er einn besti leikmaður heims,“ segir Guðjón, en bendir á að Ungverjar eigi samt tvo fína menn til að leysa hann af. „Hvorugur þeirra er samt hálfur á við Nagy. Hann er líka frábær varnarmaður og munar því um minna hjá þeim.“

Á meðan öll önnur lið riðilsins æfðu í aðalsalnum í Álaborg í gær mátti íslenska liðið gera sér að góðu að æfa í litla salnum sem þess utan lak. Strákarnir létu það ekki slá sig út af laginu heldur tóku fína æfingu þar sem farið var yfir taktíkina gegn Ungverjum.

„Í sókninni þurfum við að fá þá á hreyfingu. Þeir eru stórir og nokkrir tæpir tveir rúmmetrar,“ sagði Aron léttur. „Við þurfum að halda fjarlægð í fintunum svo við séum ekki að lenda í fanginu á þeim. Ungverjar keyra hraðaupphlaupin grimmt og við verðum að vera klárir.“

Aron Pálmarsson gat ekkert tekið þátt í æfingunni í gær og það mun ekki skýrast fyrr en skömmu fyrir leik hvort hann getur spilað. Hann er tognaður á ökkla, ökklinn er bólginn en meðferð hefur gengið vel.

Það er mikið undir fyrir Ísland í leiknum því ef það vinnur leikinn þá er það komið í milliriðil og öruggt að það fari þangað með tvö stig. Strákarnir hafa fengið mikið lof fyrir Noregsleikinn og Guðjón segir að það geti verið hættulegt.

„Ég hef mestar áhyggjur af því að menn verði of ánægðir of lengi og kikni undan öllu lofinu. Það er nákvæmlega þá sem menn þurfa að koma sér í burtu og byrja að hugsa um næsta leik. Mér líður aldrei vel í svona umhverfi. Þá vil ég koma mér í burtu sem fyrst.“



„Besti smábíllinn“

**Ford Fiesta.**
**Beinskiptur frá 2.450.000 kr.**
**Sjálfskiptur frá 2.790.000 kr.**

Brimborg fagnar 50 árum í bílgreininni og af því tilefni fylgja ný Nokian vetrardekk að verðmæti 120.000 kr. öllum Ford Fiesta í janúar. Nýttu tækifærið.

Ford Fiesta var valinn besti smábíllinn árið 2013 af sérfræðingum eins vinsælasta bílablaðs heims, Auto Express.
Komdu og prófaðu þennan snilldar bíl.




50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

ford.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Ekki enn sannfærð/ur? Hér eru fleiri staðreyndir um Ford Fiesta:
Hiti er í framsætum og 3,5 tommu upplýsingaskjár í mælaborði. Farangursrýmið er einstaklega rúmt (290 lítra). $CO_2$ gildin eru óvenju lág fyrir bensínvél og hann fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur. Ford MyKey, brekkuaðstoð og EasyFuel er staðalbúnaður. Öryggispúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns. Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna sem er afar hentugt á köldum vetrarmorgnum!

Ford Fiesta, bensín 65 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. $CO_2$ 99 g/km. Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. $CO_2$ 114 g/km. Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# Úrval ljósa á betra verði




Opið:
Mánudag til föstudag kl. 10 - 18
Laugardag kl. 11 - 16
Sunnudag kl. 12 - 16
www.rafkaup.is

**Rafkaup**
Ármúla 24 • S: 585 2800

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl. 20.25
**The Big Bang Theory**
Sjöunda þáttaröðin um félagana Leonard og Sheldon sem eru afburðasnjallir eðlisfræðingar sem vita nákvæmlega hvernig alheimurinn virkar.





### Grey's Anatomy
**STÖÐ 2 GULL KL. 20.00** Níunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á spítala í Seattle þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.



### EM í handbolta
**SJÓNVARPIÐ KL. 16.50** Bein útsending frá leik Íslands og Ungverjalands á EM í handbolta í Danmörku.



### Pretty Little Liars
**STÖÐ 3 KL. 20.25** Priðja þáttaröðin af þessum dramatísku þáttum um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bökum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál.

### Bylgjan kl. 06.50
**Í bítið**
Í bítið er alla virka daga á Bylgjunni. Heimir Karlsson, Hulda Bjarna og Gunnlaugur Helgason vakna eldsnemma og koma þér af stað alla morgna. Fylgstu með fréttum og taktu púlsinn á þjóðmálunum, færðinni, veðrinu og íþróttunum strax í bítið.






## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.10** **Malcolm In The Middle**
**08.35** **Ellen**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors**
**10.15** **Wonder Years**
**10.40** **White Collar**
**11.25** **The Middle**
**11.50** **Flipping Out**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **The X-Factor**
**14.25** **In Treatment**
**14.50** **Lois and Clark**
**15.35** **Sjáðu**
**16.05** **Scooby-Doo!**
**16.30** **Ellen**
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.11** **Veður**
**19.20** **Stelpurnar**
**19.40** **New Girl** *(8:23)*
**20.05** **Mike and Molly** *(8:23)*
**20.25** **The Big Bang Theory** *(8:24)*
**20.50** **The Mentalist** *(5:22)*
**21.30** **Girls** *(1:12)* Þriðja gamanþáttaröðin um vinkvennahóp á þrítugsaldri sem búa í draumaborginni New York og fjalla um aðstæður þeirra, samskiptin við hitt kynið, baráttunni við starfsframann og margt fleira.
**21.55** **Girls**
**22.25** **Bones** *(11:24)*
**23.10** **Daily Show. Global Edition**
**23.35** **Johnny Mad Dog**
**01.10** **2 Broke Girls**
**01.35** **The Face**
**02.20** **Lærkevej**
**03.05** **Touch**
**03.50** **American Teen**
**05.30** **Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**15.25** **NB90's. Vol. 2** Skemmtilegur þáttur um NBA 10. áratugarins.
**15.50** **Ölli** Heimildarmyndin Ölli eftir Garðar Örn Arnarson er mynd um líf og leik Örlygs Arons Sturlusonar sem var eitt mesta efni í sögu íslensks körfubolta.
**16.55** **Spænsku mörkin**
**17.25** **World's Strongest Man 2013**
**17.55** **Meistaradeild Evrópu. Arsenal - Dortmund**
**19.35** **Fulham - Norwich** Bein útsending
**21.40** **Sunderland - Man. Utd.**
**23.20** **Fulham - Norwich**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00** **Aston Villa - Arsenal**
**11.35** **Everton - Norwich**
**13.15** **Messan**
**14.35** **Fulham - Sunderland**
**16.15** **Hull - Chelsea**
**17.55** **Premier League World**
**18.25** **Newcastle - Man. City**
**20.05** **Ensku mörkin - úrvalsdeildin**
**21.00** **Messan**
**22.20** **Stoke - Liverpool**
**00.00** **Football League Show**
**00.30** **Tottenham - Crystal Palace**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Stjórnarráðið **21.30** Skuggaráðuneytið

## STÖÐ 3

**16.50** **Junior Masterchef Australia**
**17.35** **The Carrie Diaries**
**18.15** **Baby Daddy**
**18.40** **American Dad**
**19.00** **Extreme Makeover. Home Edition**
**19.45** **Hart of Dixie** *(19:22)*
**20.25** **Pretty Little Liars** *(19:24)*
**21.10** **Priðjudagskvöld með Frikka Dór** Stórsöngvarinn Friðrik Dór stjórnar þessum fjölbreytta og skemmtilega þætti, honum til halds og trausts verður leikarinn Ásgrímur Geir Logason.
**21.45** **Nikita** *(19:23)*
**22.25** **Justified** *(6:13)*
**23.05** **Outlaw**
**23.50** **Sleepy Hollow**
**00.30** **Extreme Makeover. Home Edition**
**01.15** **Hart of Dixie**
**01.55** **Pretty Little Liars**
**02.40** **Priðjudagskvöld með Frikka Dór**
**03.15** **Nikita**
**03.55** **Justified**
**04.40** **Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Könnuðurinn Dóra **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.46** Doddi litli og Eyrnastór **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveins **08.46** Hvellur keppnisbíll **08.56** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Ævintýri Tinna **09.22** Brunabílarnir **09.43** Latibær **09.55** Sumardalsmyllan **10.00** Skógardýrið Húgó **10.23** Elías **10.34** Ævintýraferðin **10.47** UKI **10.52** Tommi og Jenni **11.00** Könnuðurinn Dóra **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.46** Doddi litli og Eyrnastór **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveins **12.46** Hvellur keppnisbíll **12.56** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Ævintýri Tinna **13.22** Brunabílarnir **13.43** Latibær **13.55** Sumardalsmyllan **14.00** Skógardýrið Húgó **14.23** Elías **14.34** Ævintýraferðin **14.48** UKI **14.53** Tommi og Jenni **15.00** Könnuðurinn Dóra **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.46** Doddi litli og Eyrnastór **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveins **16.46** Hvellur keppnisbíll **16.56** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Ævintýri Tinna **17.22** Brunabílarnir **17.43** Latibær **17.55** Sumardalsmyllan **18.00** Skógardýrið Húgó **18.23** Elías **18.34** Ævintýraferðin **18.48** UKI **18.53** Tommi og Jenni **19.00** Gosi **20.45** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**17.50** **Strákarnir**
**18.20** **Friends**
**18.45** **Seinfeld**
**19.10** **Modern Family**
**19.35** **Two and a Half Men**
**20.00** **Grey's Anatomy** *(2:24)*
**20.45** **Hannað fyrir Ísland** *(1:7)*
**21.30** **Veggfóður** *(8:20)*
**22.10** **Nikolaj og Julie** *(12:22)*
**22.55** **Anna Pihl**
**23.40** **Sælkeraferðin**
**00.00** **Beint frá býli**
**00.40** **Cold Feet 5**
**01.35** **Prime Suspect 6**
**03.15** **Hannað fyrir Ísland**
**03.50** **Veggfóður**
**04.35** **Nikolaj og Julie**
**05.18** **Anna Pihl**

## BÍÓ

**11.50** **Charlie and Boots**
**13.30** **The Big Year**
**15.10** **Win Win**
**16.55** **Charlie and Boots**
**18.35** **The Big Year**
**20.15** **Win Win**
**22.00** **The Watch**
**23.45** **Contraband**
**01.35** **The Fighter**
**03.30** **The Watch**

## RÚV

**15.30** **Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**16.20** **Táknmálsfréttir**
**16.30** **EM stofa**
**16.50** **EM í handbolta - Ísland-Ungverjaland** Bein útsending frá leik Íslands og Ungverjalands á EM í handbolta í Danmörku.
**18.30** **EM stofa** Björn Bragi og gestir gera upp leik Íslands og Ungverjalands á EM í handbolta.
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Veðurfréttir**
**19.30** **Íþróttir**
**19.40** **Kastljós**
**20.10** **EM í handbolta - Danmörk-Austurríki** Bein útsending frá seinni hálfleik Danmerkur og Austurríkis á EM í handbolta í Danmörku.
**21.00** **EM stofa** Í þættinum fer Björn Bragi Arnarsson ásamt góðum gestum yfir leiki dagsins og stöðuna á Evrópumeistarmótinu í handknattleik 2014.
**21.15** **Castle** *(2:23) (Castle)* Bandarísk þáttaröð. Höfundur sakamálasagna er fenginn til að hjálpa lögreglunni þegar morðingi hermir eftir atburðum í bókum hans.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Whitechapel** *(2:6) (Whitechapel III)* Breskur sakamálaflokkur. Í Whitechapel-hverfinu í London rannsakar lögreglan morðmál sem gæti átt rætur sínar langt aftur í fortíðinni.
**23.05** **Dicte**
**23.50** **Kastljós**
**00.15** **Fréttir**
**00.25** **Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Cheers**
**08.25** **Dr. Phil**
**09.10** **Pepsi MAX tónlist**
**16.40** **Got to Dance**
**17.30** **Dr. Phil**
**18.15** **Top Chef**
**19.05** **Cheers**
**19.30** **Sean Saves the World**
**19.55** **The Millers** *(1:13)*
**20.20** **Parenthood** *(2:15)*
**21.10** **Necessary Roughness** *(7:10)* Vinsæl þáttaröð um sálfræðinginn Dani sem aðstoðar marga af bestu íþróttamönnum Bandaríkjanna þegar andlega hliðin er ekki alveg í lagi.
**22.00** **Elementary** *(2:22)* Sherlock Holmes og Dr. Watson leysa flókin sakamál í New York borg nútímans. Síðustu þáttaröð lauk með því að unnusta Sherlocks, Irine Adler var engin önnur en Moriarty prófessor.
**22.50** **The Bridge** *(2:13)* Spennandi þættir byggðir á dönsku þáttunum Brúin sem naut mikilla vinsælda. Lík finnst á landamærum Mexíkó og Bandaríkjanna og áður en varir hrannast fórnarlömbin upp.
**23.40** **Necessary Roughness**
**00.30** **Scandal**
**01.20** **Elementary**
**02.10** **Excused**
**02.35** **Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2014 **11.30** Feherty **12.15** European Tour 2014 **16.15** PGA Tour 2014 **19.45** PGA Tour 2014 - Highlights **20.40** Golfskóli Birgis Leifs **21.05** Golfskóli Birgis Leifs **21.30** PGA Tour 2014 - Highlights **22.25** PGA Tour 2014

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útv. Latibær |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** Kaninn | **FM 105,5** Útvarp Boðun |


EM-DAGAR
eru
vængjadagar
Hot Wings
25 HOT WINGS
á 2.399 KR.
KFC
svooogott™
FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI
WWW.KFC.IS

## BESTA KVIKMYNDIN



**„Uppáhaldsbíómyndin mín er Schindler's List.“**
Elísabet Ormslev, söngkona og förðunarfræðingur.

# Það taka allir þátt í sýningunni

Margrómuð verðlaunasýning sýnd í Iðnó, byggð á hinum frábæru sjónvarpsþáttum Fawlty Towers með John Cleese í aðalhlutverki sem Basil hótelstjóri.

„Það má segja að áhorfandinn taki sjálfur þátt í sýningunni,“ segir Guðbjartur Finnbjörnsson hjá Tónleikum ehf., sem standa á bak við sýninguna. Sýningin er margrómuð verðlaunaleiksýning sem hefur farið sigurför um allan heim og er byggð á hinum frábæru sjónvarpsþáttum Fawlty Towers með John Cleese í aðalhlutverki sem Basil hótelstjóri.

„Þú kemur í mat í leikhússal Iðnó og færð frábæran þriggja rétta málsverð ásamt því að kitla hláturtaugarnar allsvakalega, því á meðan á borðhaldi stendur mun Basil, ásamt konu sinni Sybil og þjóninum frá Barcelona, Manuel, þjóna gestum á sinn einstaka hátt,“ útskýrir Guðbjartur.

Helmingurinn sýningarinnar er eftir handriti en annað er spuni. „Þú ert ekki bara að horfa á leiksýningu, þú færð að borða góðan mat og ert hluti af sýningu.“

Sýningin er á ensku og komast ekki nema hundrað manns fyrir en þetta er í fyrsta sinn sem sýningin er sett upp á Íslandi.

„Aðstandendur sýningarinnar eru mjög spenntir fyrir því að koma fram hér á landi. Þetta byrjaði í Ástralíu fyrir sextán árum og hefur hún ferðast um allan heim síðan þá og gengið mjög vel,“ segir Guðbjartur.

- glp



**GRÍN OG GLENS** Það verður eflaust mikið hlegið í Iðnó þegar sýningin Fawlty Towers fer þar fram. MYND/EINKASAFN

# Námskeið í anda The Apprentice

Samvinna og árangur er átta vikna kúrs sem kenndur er í Háskóla Íslands. Elmar Hallgríms Hallgrímsson, lektor við viðskiptadeild, tók sambærilegan áfanga í námi í Bandaríkjunum en hugmyndafræðin er svipuð og í sjónvarpsþáttunum The Apprentice. Markmið námskeiðsins er að safna peningum fyrir Barnaspítala Hringsins. Hver hópur fær tengilið úr íslensku viðskiptalífi til að aðstoða sig.

„Tilgangur námskeiðsins er að nemendur afli fjár fyrir Barnaspítala Hringsins. Ég tók sambærilegan áfanga í námi í Bandaríkjunum en hugmyndafræðin er svipuð og í sjónvarpsþáttunum The Apprentice. Ég rek þó engan úr áfanganum eins og gert er í þáttunum,“ segir Elmar Hallgríms Hallgrímsson, lektor við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Hann kennir á námskeiðinu Samvinna og árangur sem stendur yfir í átta vikur en kúrsinn hófst í síðustu viku.

„Þetta hefur aldrei verið gert áður á Íslandi. Þetta sýnir frumkvæði í viðskiptafræðideildinni og erum við að þróa hluti sem aldrei hafa verið prófaðir áður. Í hverri viku verður þema og á morgun fjöllum við til dæmis um sjálfstraust. Þá kemur leikarinn Ólafur Darri Ólafsson til okkar og talar um sína nálgun á því þema. Við tökum einnig fyrir samvinnu og leiðtogafærni svo eitthvað sé nefnt. Fyrirlestrarnir eru í raun aukaatriði, því vinna nemenda utan tímanna skiptir mestu máli. Námskeiðið er ekki mjög fræðilegt í þeim skilningi heldur frekar „hands on“ sem mér finnst hafa verið skortur á í deildinni,“ segir Elmar. Alls eru 34 nemendur skráðir á námskeiðið en færri komust að en vildu. Elmar er búinn að skipta hópnum niður í sex smærri hópa og fær hver hópur tengilið úr atvinnulífinu til að ráðfæra sig við.

„Tengiliðirnir gefa sína vinnu en þeir eru Ásthildur Otharsdóttir, stjórnarformaður Marels, Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, framkvæmdastýra hjá Landsbankanum, Hulda Bjarnadóttir, framkvæmdastýra FKA, Aðalheiður Héðinsdóttir, forstjóri Kaffitárs, Ingunn Elín Sveinsdóttir, framkvæmdastýra hjá N1 og Steinunn Bjarnadóttir, forstöðumaður hjá Íslandsbanka. Það var meðvituð ákvörðun að velja aðeins konur en lykilatriðið var að fá konur sem eru hressar og tilbúnar í þetta verkefni. Þær hitta hópana tvisvar til þrisvar sinnum og nemendur fá að bera undir þær sínar hugmyndir. Þetta gerir það að verkum að kúrsinn er í meiri tengslum við atvinnulífið en gengur og gerist.“

Markmið námskeiðsins er að safna peningum fyrir Barnaspítala Hringsins eins og áður segir en nemendur fá frjálsar hendur um hvernig þeir afla fjár.

„Ég vil að nemendur hugsi út fyrir boxið. Þetta eru nemendur í meistaranámi sem eru búnir að vera í ýmsum fögum og eiga að nýta fræðiþekkingu sína í þessu verkefni. Lykilatriði er nærgætni við viðfangsefnið sem í þessu tilfelli er barnaspítalinn. Annars er fjáröflunin alveg frjáls og ég set þeim engar skorður. Nemendur skila stöðuskýrslum til mín og ég fer yfir þeirra hugmyndir.“

Elmar nefndi það í fyrsta tíma námskeiðsins að markmiðið væri að safna fimm milljónum fyrir barnaspítalann.

„Þótt söfnunin sé lykilatriði vil ég samt ekki að nemendur safni til að safna. Ég vil að þeir leggi metnað sinn í verkefnið og nálgist það af fagmennsku.“

Óljóst er hvort námskeiðið verður endurtekið í framtíðinni. „Ef þetta gengur vel þá munum við hugsanlega keyra þetta aftur. En þetta er lítið land þannig að það er spurning hvað maður getur oft farið af stað með fjáröflun sem þessa.“

liljakatrin@frettabladid.is




**HOKINN AF REYNSLU** Elmar er með meistarapróf í viðskiptafræði, lauk framhaldsnámi í lögfræði við University of Pennsylvania og námi frá Wharton Business School. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## → Þú ert rekin/n! – orðin sem allir eru hræddir við

Raunveruleikaþættirnir The Apprentice hófu göngu sína í janúar árið 2004 í Bandaríkjunum. Framleiðandi er Mark Burnett en þáttastjórnandi sjálfur auðjöfurinn Donald Trump. Þréttán seríur hafa verið framleiddar í Bandaríkjunum og hafa þættirnir meðal annars verið framleiddir í Brasilíu, Finnlandi, Þýskalandi, Danmörku, Indónesíu, Ítalíu, Írlandi, Noregi og Bretlandi.

Í þáttunum keppir hópur fólks um vinnu hjá Donald Trump og hefur líka verið bryddað upp á seríum sem heita Celebrity Apprentice. Í þeim seríum keppa frægir einstaklingar um það hver getur safnað mestu fé fyrir góðgerðarsamtök þar í landi. Taka stjórnurnar upp á ýmsu til að safna peningum fyrir hin ýmsu málefni og njóta aðstoðar samstarfsfélaga Donalds.

Einn keppandi er rekinn í hverri viku og í lokin stendur einn uppi sem sigurvegari.






ÞRIÐJUDAGS
TILBOÐ
DOMINO'S
1000 KR.
Miðstærð af pizzu með 3 áleggstegundum að eigin vali.
Ef þú sækir. Gildir fyrir klassískan, ítalskan og lauflettan botn.
HEIT ALLA LEIÐ HEIM
Fyrir aðeins 699 kr. færðu þína eigin hitatösku
á Domino's sem þú getur notað aftur og aftur!
HEIT HEIM
LJÚFFENG OG RJÚKANDI
BEINT ÚR OFNI
KJÖTVEISLA: Skinka, pepperoni og nautahakk
SÍMI 58 12345
DOMINO'S APP
WWW.DOMINOS.IS
FITON / SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

Vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### 20 ára afmælisveisla Sigur Rósar

Hljómsveitin Sigur Rós hélt upp á tuttugu ára afmælið sitt með pompi og prakt en gleðskapurinn fór fram í Iðnó síðastliðið laugardagskvöld. Alls er talið að veislugestir hafi verið um fimm hundruð, en veislan fór fram á öllum hæðum hússins. Ásamt fjölskyldu, vinum og velunnurum hljómsveitarinnar í gegnum árin, mátti sjá mörg þekkt andlit meðal gesta.

Í veislunni voru meðal annars forsetahjónin Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff, **Emilíana Torrini,** meðlimir hljómsveitarinnar Of Monsters and Men, Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargoði, Birgir Þórarinsson úr Gusgus, Mugison, Árni Matthíasson, Curver og margir fleiri.



Ingó Geirdal töframaður, Hermigervill og dj Einar Sonic komu fram og þá þeytti bassaleikari Ojba Rasta, Arnljótur Sigurðsson, skífum á annarri hæðinni. **- glp**

### Gunna Helga vantar vinnu

**Gunnar Helgason**, metsöluhöfundur barnabóka, fékk ekki rithöfundarlaun við tilkynningu um úthlutun þeirra í gær. Hann skrifaði af því tilefni á Facebook-síðu sína: „Ég sótti um rithöfundarlaun. Fékk ekki. Veit einhver um vinnu handa mér? Helst bara 50% svo ég geti haldið áfram að skrifa. Takk fyrir." Vinir hans og félagar koma með góðar hugmyndir í athugasemdum, einn leggur til að hann aðstoði umhverfisráðherra, sem Gunnar segir ekki sniðugt, þar sem hann sé svo oft ósammála honum, annar leggur til að hann sæki um stöðu útvarpsstjóra og enn annar leggur til að hann taki við stöðu leikhússtjóra Borgarleikhússins. **- fbj**



## Mest lesið Vísir

1. Banaslys í Norðurárdal
2. Verslunarmenn í Borgartúni ósáttir með breytingar
3. Pez-safnið stærra en nokkru sinni fyrr
4. „Að hætta er eitt það erfiðasta sem ég hef gert"
5. Alvarlegt umferðarslys í Borgarfirði





